

Handbók um auðlesið mál



Miðstöð um auðlesið mál
2025

Handbók um auðlesið mál



Handbók um auðlesið mál

Bókin heitir á frummáli: *Leichte Sprache – Das Regelbuch*

Höfundur: Christiane Maaß

Þýðing og staðfæring: Snorri Rafn Hallsson

Uppsetning og vinnsla: Snorri Rafn Hallsson

© LIT VERLAG Dr. W. Hopf, Berlin, 2015

© Íslensk þýðing og staðfæring: Miðstöð um auðlesið mál, 2025

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis þýðanda og útgefanda.

Miðstöð um auðlesið mál er styrkt af Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu.



Stjórnarráð Íslands
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Handbók um auðlesið mál

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hvað er auðlesið mál?	4
Fyrir hverja er auðlesið mál?	4
Um handbókina	5
1 Meginreglur auðlesins máls	6
1.1 Grunnreglur með tilliti til málkerfisins	6
1.1.1 Greinið í sundur	6
1.1.2 Sækið í miðjuna fremur en jaðarinn	7
1.1.3 Leggið áherslu á virkni, leikendur og gerendur	7
1.1.4 Endurtakið hið miðlæga og mikilvæga	9
1.2 Siðferðislegar grunnreglur auðlesins máls	9
1.2.1 Bilið brúað	9
1.2.2 Skrifið rétta íslensku	10
1.2.3 Ávarpið fullorðið fólk sem slíkt	11
1.2.4 Í vafatilfellum hefur skiljanleiki ávallt forgang	12
2 Tákn	15
2.1 Greinarmerki	15
2.2 Tákn og merkingar af ýmsum toga auðvelda að koma merkingu textans til skila	20
2.3 Notkun talna og tölustafa veltur á eðli og viðfangi textans	21
2.4 Tölur skal ávallt rita með tölustöfum	22
3 Orð	24
3.1 Notið grunnorðaforða	24
3.2 Notið stutt orð eins og hægt er	25
3.3 Forðist fræði-, töku og erlend orð	25
3.4 Sleppið skammstöfunum	26
4 Setningar	27
4.1 Sagnorð í stað nafnorða	27
4.2 Forðist þolmynd	28
4.3 Notið einfalda orðaröð	29
4.4 Aðeins ein setning í hverri málsgrein	29
4.5 Engar aukasetningar, engar kommur	30
4.6 Leyst úr nafnorðastíl	35
4.7 Forðist viðtengingarhátt	36
4.8 Þátíð, nútíð, framtíð	37
4.9 Myndlíkingar	39
4.10 Neitun	40

5 Texti	42
5.1 Hugsið að gerð og framvindu textans.....	42
5.2 Val á upplýsingum fer eftir eðli og viðfangsefni textans	42
5.3 Notið sömu orð yfir sömu fyrirbæri, hugtök og gjörðir	43
5.4 Notkun persónufornafna	44
5.5 Setjið lykilhugtök á spássíu eða í millifyrirsagnir.....	47
5.6 Látið skýringar fylgja lesátt.	47
5.7 Það má breyta textanum. Munið að brúa bilið	48
5.8 Einkenni ólíkra texta	48
5.9 Fyrirvari fyrir þýðingar á lagalega bindandi textum	49
6 Uppsetning og letur.....	50
6.1 Auðlesnir textar eru listar. Dragið skýringar og dæmi inn	50
6.2 Notið steinskriftarleturgerðir (sans serif)	50
6.3 Leturstærð og línubil	51
6.4 Markið áherslur með feitletrun eða undirstrikun.....	51
6.5 Skiptið línunum eftir setningarliðum	51
6.6 Notkun mynda	52

Inngangur

Aðgengi að upplýsingum er grundvallarréttur allra. Þekking og skilningur á heiminum í kringum okkur skiptir miklu máli fyrir að taka upplýstar ákvarðanir, lifa sjálfstæðu lífi og nýta þau réttindi og tækifæri sem okkur bjóðast. Til að tryggja að allir hafi raunverulegan aðgang að upplýsingum, þarf oft að einfalda framsetningu texta og aðlaga hana að þörfum fjölbreyttra hópa samfélagsins. Ein leið til þess er að nota auðlesið mál.

Hvað er auðlesið mál?

Auðlesið mál er íslenska sem hefur verið einfölduð á skipulegan hátt:

- **Orðaforði:** Einföld orð sem flestir þekkja og skilja.
- **Setningagerð og málfræði:** Stuttar, beinar setningar og einföld málfræðileg uppbygging.
- **Bakgrunnsþekking:** Auðlesið mál gerir ekki sömu kröfu um þekkingu á heiminum og almennir textar.
- **Framsetning:** Textinn er settur fram á skýran hátt með fyrirsögnum og myndrænu efni þegar við á.

Auðlesið mál er ekki einungis einföldun heldur mikilvægt aðgengistæki. Það tryggir að einstaklingar með lestrar- eða lesskilningsörðugleika hafi sama aðgang að upplýsingum og aðrir. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) leggur áherslu á að tryggja rétt fatlaðra til að fá upplýsingar á máli sem þeir skilja. Með auðlesnu máli stuðlum við að jöfnum tækifærum og sjálfstæði allra.

Fyrir hverja er auðlesið mál?

Auðlesið mál er fyrir alla sem eiga erfitt með að skilja almenna eða fræðilega texta á íslensku. Í víðum skilningi getur auðlesið mál því verið fyrir okkur öll. Enginn er sérfræðingur í öllu og þegar við förum út fyrir okkar svið gæti auðlesið mál komið okkur að gagni. Það er þó aldrei hægt að taka mið af þörfum allra og því þarf að hugsa texta út frá ætluðum lesendahópi.

Auðlesið mál er fyrst og fremst fyrir þau sem vegna fötlunar sinnar eiga varanlega erfitt með að lesa og skilja þá texta sem við þurfum til að lifa sjálfstæðu lífi og njóta réttinda okkar til fulls. Sá hópur getur ekki nýtt sér önnur bjargráð upp á eigin spýtur svo sem texta á öðrum tungumálum, þýðingarforrit, orðabækur og slíkt til þess að fóta sig í veruleikanum. Þess vegna verður auðlesið mál alltaf að taka mið af þeim og þeirra þörfum umfram allt annað.

Eins og áður segir getur auðlesið mál þó gagnast fleirum. Til dæmis:

- Óvönum lesendum, eins og börnum sem eru að læra að lesa, eða þeim sem eru að tileinka sér nýja lestrarfærni.
- Innflytjendum og fólki sem er að læra íslensku sem annað mál. Einfaldir textar með grunnorðaforða auðvelda þeim að skilja og tileinka sér efnið.
- Þeim sem tímabundið eiga erfitt með lesskilning, t.d. vegna álags eða veikinda.

Um handbókina

Handbókin inniheldur skýrar og ítarlegar leiðbeiningar um hvernig á að skrifa eða þýða texta á auðlesnu máli, með það að markmiði að hámarka skiljanleika og aðgengi að upplýsingum. Handbókin er ætluð öllum þeim sem fást við auðlesið mál í sínu starfi, svo sem kennurum, dagskrár- og textagerðarfólki, ritstjórum, þýðendum og blaðamönnum.

Handbókin sker sig að nokkru leyti frá fyrri leiðbeiningum um auðlesið mál á íslensku. Helgast það fyrst og fremst af miklum framförum í rannsóknum á auðlesnu máli sem orðið hafa á undanförunum árum. Handbókin byggir því að stórum hluta á *Leichte Sprache – Das Regelbuch*¹, handbók þýska rannsóknarsetursins Forschungsstelle Leichte Sprache sem starfrækt er við háskólann í Hildesheim. Þar hafa í rúman áratug farið fram vísindalegar rannsóknir á auðlesnu máli, allt frá málfræðilegum og textalegum atriðum til samfélagslegra þátta. Líkindi íslensku og þýsku þegar kemur að löngum samsettum orðum og flókinni setningagerð er önnur ástæða þess að hér er helst litið til þýskunnar fremur en ensku eða hinna norðurlandamála.

Handbókin er ekki tæmandi leiðarvísir um samskipta- og tjáningamáta fatlaðs fólks. Í mörgum tilfellum gætu aðrar leiðir en auðlesið mál hentað betur. Í vafa skal leitað til sérfræðinga. Hægt er að fá ráðgjöf um auðlesið mál hjá Miðstöð um auðlesið mál.

¹ Christiane Maaß. 2015. *Leichte Sprache*. LIT Verlag Münster.

1 Meginreglur auðlesins máls

1.1 Grunnreglur með tilliti til málkerfisins

1. Greinið í sundur
2. Sækið í miðjuna fremur en jaðarinn
3. Leggið áherslu á virkni, leikendur og gerendur
4. Endurtakið hið miðlæga og mikilvæga

1.1.1 Greinið í sundur

Fyrsta reglan í þessari handbók um auðlesið mál er að greina merkingu orða, setninga og texta í sundur fyrir lesandann. Þegar orð eða setning gegnir of mörgum hlutverkum í senn er hætt við að lesandinn nái ekki merkingunni. Til þess að fyrirbyggja misskilning er mikilvægt að hvert orð gegni skýru hlutverki í setningu og að hver setning gegni skýru hlutverki í textanum.

Tökum dæmi:

- a) Guðrún er ánægð með veisluna.
- b) Guðrún er óánægð með veisluna.

Aðeins einn bókstafur, „ó“, greinir þessar setningar að en merking þeirra er algjörlega andstæð. Hættan er sú að lesandinn hoppi yfir þennan eina staf sem er hluti af orðinu sem lýsir afstöðu Guðrúnar til veislunnar **og** snýr merkingu setningarinnar við. Því skal slíkum forskeytum sleppt og neitunin táknuð með orði sem eingöngu gegnir því hlutverki, t.d. „ekki“. Það skal svo feitiletrað til áherslu og til að tryggja að lesandinn sleppi því ekki. Best væri því að umrita setningu b svona:

- c) Auðlesið: Guðrún er **ekki** ánægð með veisluna.

Eignarfallsrunur geta einnig verið flóknar og óskýrar:

- d) Köttur nágranna Jóns er oft í garðinum hans.

Hér þarf lesandinn bæði að leysa úr nafnliðnum „Köttur nágranna Jóns“ og greina vísun fornafnsins „hans“. Til að gera málsgreinina auðlesna þarf að skipta henni upp og ákvarða vísun fornafnsins með því að lesa í samhengið eða beita öðrum ráðum:

- e) Auðlesið: Jón á nágranna.
Nágranninn á kött.
Nágranni er sá sem á heima nálægt þér.

Kötturinn er oft í garðinum hjá Jóni.

Eða:

Kötturinn er oft í garðinum hjá nágroannanum.

1.1.2 Sækið í miðjuna fremur en jaðarinn

Við eigum auðveldara með að skilja orð sem oftast verða á vegi okkar. Það má segja að hið almenna og algenga sé miðlægt í lífi okkar en hið sérhæfða og sértæka á jaðrinum. Við sjáum, heyrum og tölum oftast um hunda en chihuahua sem dæmi, tré oftast en bjarkir, bíla oftast en tengiltvinnbíla. Þau orð og fyrirbæri eru miðlægar í reynsluheimi okkar. Þegar auðlesinn texti er útbúinn, hvort sem um skrif eða þýðingu er að ræða, er því mikilvægt að velja algeng og almenn orðin eftir fremsta megni. Þessi regla á líka við um málfræði og setningagerð. Nota skal algenga orðaskipan og forðast bæði stílfærslu og frásagnarumröðun.

Vissulega eru til undantekningar á þessu t.d. þegar fjallað er um sérhæft viðfangsefni en þá er nauðsynlegt að skýra orðin vel og endurtaka.

1.1.3 Leggið áherslu á virkni, leikendur og gerendur

Markmið texta á auðlesnu máli er ekki einungis að fræða lesandann heldur gera honum kleift að aðhafast á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann sækir sér. Þess vegna þarf alltaf að vera skýrt:

- Hver gerir hvað.
- Hvað má gera.
- Hvað á að gera.
- Hvernig á að gera hlutina.

1.1.3.1 Nafnorðastíll

Ein leið til að auk þennan skýrleika er að nota sagnir og sleppa nafnorðastíl. Í nafnorðastíl er upplýsingarnar helst að finna í nafnorðum og þau gjarnan óþarflega mörg.

Ritver Háskóla Íslands nefnir þessi dæmi um hvernig nafnorðum getur verið ofaukið og ein sögn nægt til að segja það sama:

- gera **könnun** > kanna
- skila **hagnaði** > hagnast
- framkvæma **lendingu** > lenda²

Þegar forsetning fylgir með getur ein sögn komið í stað þriggja orða:

² „Stutt og skýrt,“ Ritver HÍ, sótt 5. sept 2024, <https://ritver.hi.is/is/ritgerdaskrif-mal-og-still/stutt-og-skyrt>.

- gera **athugun** á > athuga
- leggja **mat** á > meta
- taka **ákvörðun** um > ákveða
- valda **töfum** á > tefja³

Í sumum tilfellum gengur nafnorðastíllinn svo langt að sagnir nánast hverfa:

- a) Mikil óánægja er meðal almennings með aðgerðir ríkisstjórnarinnar

Þetta þekkjum við úr fyrrsögnum fjölmiðla. Skýrara væri að skrifa:

- b) Almennitur er mjög óánægður með það sem ríkisstjórnin gerir.

Enn má þó bæta úr þar sem ekki kemur fram hvað það er sem ríkisstjórnin gerir sem vekur óánægju almennings. Það er hlutverk þess sem útbýr auðlesinn texta að greina þetta og koma til skila.

1.1.3.2 Þolmynd

Í auðlesnum textum skulu leikendur og gerendur nefndir. Forðast skal því þolmynd og ópersónulega setningagerð í auðlesnum texta. Setningarnar hér á undan eru gott dæmi notkun þolmyndar og ópersónulega setningagerð:

- a) Í auðlesnum textum skulu leikendur og gerendur nefndir.
b) Forðast skal þolmynd.

Hver er það sem á að taka fram hver gerir hvað í auðlesnum textum? Hver á að forðast þolmynd? Það kemur hvergi fram en við getum lesið það úr samhenginu: Höfundar og þýðendur auðlesinna texta, þeir sem eru ávarpaðir í þessum texta:

- c) Nefndu leikendur og gerendur þegar þú útbýrð auðlesinn texta.
d) Forðastu þolmynd.

1.1.3.3 Ábyrgð

Oft er það svo að textinn sem á að þýða er óskýr hvað ábyrgð varðar. Ópersónulegir textar á borð við lög og reglugerðir eru oft dæmum þetta. Þýðandinn þarf þá að koma auga á eða afla sér vitneskju um leikendur og gerendur svo lesendur viti til hvers er ætlast af þeim og hvert þeir skuli leita. Þetta er stundum afar erfitt og getur bent til þess að ábyrgðarhlutverk séu ekki nægilega skýr í frumtextanum sjálfum. Slíkar staðreyndir koma stundum í ljós þegar þýtt er yfir á auðlesið mál.

³ Sama heimild

1.1.3.4 Rétt tímaröð

Að lokum má nefna að allar upplýsingar skulu koma fram í réttri tímaröð. Það á við bæði innan setninga og í textanum sjálfum. Leiðbeiningar skulu gefnar skref fyrir skref í þeirri röð sem þau eru framkvæmd. Ekki svona:

- a) Tertan skal látin standa áður en hún er borin fram eftir að síðasti botninn er settur á með rjómafyllingu og búið er að skreyta hana.

Heldur svona:

- b) Auðlesið: Settu síðasta botninn ofan á.
Næst setur þú rjómafyllingu yfir botninn.
Þá getur þú skreytt tertuna.
Láttu tertuna standa í stutta stund.
Berðu tertuna svo fram.

1.1.4 Endurtakið hið miðlæga og mikilvæga

Endurtakið miðlægar og mikilvægar upplýsingar og miðlið þeim með ólíkum hætti svo þær fari ekki fram hjá lesandanum. Þetta er grunnregla aðgengilegrar miðlunar og samskipta. Á flugvelli eru upplýsingar gefnar í kallkerfi og á skjám. Þeir sem sjá illa geta þá heyrt og þeir sem heyra illa geta þá séð.

Í auðlesnum textum birtist þetta á marga vegu og þjónar þeim tilgangi að draga úr líkunum á að lesandanum yfirsjáist mikilvæg atriði:

- Lok setningar eru táknuð með punkti en líka með því að hefja þá næstu í nýrri línu.
- Neitun („ekki“) er feitletruð.
- Mikilvæg eða erfið hugtök eru skýrð með ljósmyndum/grafík/táknmyndum.
- Orðskýringar eru endurteknaðar eftir þörfum.

1.2 Siðferðislegar grunnreglur auðlesins máls

1. Bilið brúað
2. Skrifið rétta íslensku
3. Ávarpið fullorðið fólk sem slíkt
4. Í vafatilfellum hefur skiljanleiki ávallt forgang

1.2.1 Bilið brúað

Oft er auðlesinn texti þýðing á öðrum texta. Þá er nauðsynlegt að viðhalda tengslunum við frumtextann svo þau sem vilja nýta sér báða textana geti gert það. Að auki er frumtextinn jafnan sá sem gildir þegar kemur að reglum, lögum, samningum o.þ.h.

Auðlesni textinn á bæði að geta staðið sjálfstætt og nýst sem hjálpargagn fyrir þau sem þurfa ekki varanlega á auðlesnu máli að halda. Mörg nýta sér auðlesið mál aðeins sem vörðu á leið sinni að einföldu eða almennu máli. Hér er til dæmis átt við þau sem eru að læra tungumálið eða glíma við lestrarörðugleika án annarra hamlana á skilningi eða þroska.

Formgerð auðlesna textans og frumtextans þarf því að vera nægilega lík til að hægt sé að stökkva á milli þeirra, finna skýringar í þeim auðlesna eða nálgast ítarlegri upplýsingar í frumtextann. Að útbúa auðlesinn texta felur oft í sér inngríp í textann og breytingar sem gera textann auðveldari að skilja. Ekki skal þó hrófla við heildarskipulagi textans því það slítur tengslin á milli þeirra. Í þýðingarferlinu getur það gerst að þýðandi komi auga á alvarlega vankanta í frumtextanum. Þá fer best á að gera breytingar á frumtextanum í samræmi við þann auðlesna.

1.2.2 Skrifid rétta íslensku

Þessi regla kann að virðast í senn sjálfsgöð og óþörf. Engu að síður er tilefni til að draga hana fram, útlista hvað hún felur í sér og hvers vegna.

Fyrst og fremst setur þessi regla ofureinföldun skorður. Auðlesið mál er einfaldað mál en það má þó ekki einfalda það svo mikið að það brjóti gegn ritreglum íslenskunnar. Tvær hefðir hafa skapast í auðlesnu máli á íslensku sem teljast seint til góðrar íslensku. Annars vegar er það skipting langra orða í orðhluta með bandstriki og hins vegar það að hefja setningar á samtengingu. Hvort um sig þjónar vissulega þeim tilgangi að gera texta auðlesinn en hliðaráhrif þeirra gera aðrar lausnir ákjósanlegri.

Samtengingar eru stundum hafðar í upphafi málsgreina sem stílbragð þó vanalega séu þær milli setninga. Í auðlesnum textum er aðeins ein setning höfð í hverri málsgrein.

Málsgreinum með tveimur aðalsetningum og samtengingu á milli er því stundum skipt upp með eftirfarandi hætti:

- a) Láru finnst skemmtilegt að baka og fara í leikhús en henni leiðist að taka til og passa systur sína.
- b) Láru finnst skemmtilegt að baka.
Og fara í leikhús.
Láru leiðist að taka til.
Og passa systur sína.

Hér er ljóst að ekki er um stílbragð að ræða heldur ranga notkun greinarmerkja. Því skal leita annarra lausna svo sem:

- c) Auðlesið: Láru finnst skemmtilegt að baka.
Láru finnst líka skemmtilegt að fara í leikhús.

Láru finnst leiðinlegt að taka til.

Láru finnst líka leiðinlegt að passa systur sína.

Eða, ef atriðin eru fleiri en tvö:

d) Auðlesið: Þetta finnst Láru skemmtilegt að gera:

- Að baka
- Að fara í leikhús
- Að ...

Þetta finnst Láru leiðinlegt að gera:

- Að taka til
- Að passa systur sína
- Að ...

Ítarlega er fjallað um aukatengingar og hvernig leysa skal úr aukasetningum í kafla 4.5. *Engar aukasetningar, engar kommur.* Hvað skiptingu orða með bandstriki varðar nægir hér að benda á kafla 2.1.4. og 2.1.5. um bandstrik og miðjupunkt.

Lesendur auðlesinna texta eiga rétt á textum sem eru réttir, ekki bara að innihaldinu til heldur einnig forminu. Með því að bjóða þeim upp á ranga íslensku er óbeint og óvart gefið í skyn að þeir þurfi ekki eða geti ekki nýtt sér rétta íslensku. Í þessari handbók er að finna lausnir sem gera þýðendum og textahöfundum að komast hjá þessu. Að auki hjálpar rétt íslenska þeim sem nýta sér auðlesna texta sem tímabundið hjálpartæki þar sem sömu ritreglur eiga við. Sérstækar lausnir sem brjóta gegn ritreglum vinna því gegn markmiðum um ingildingu og útbreiðslu auðlesins máls.

1.2.3 Ávarpið fullorðið fólk sem slíkt

Auðlesnir textar eru skrifaðir fyrir alla aldurshópa og notaðir í skólum, til fræðslu, upplýsinga og til valdeflingar. Hætt er við að skýringarmyndir sem fylgja auðlesnum textum séu barnalegar þó textinn sé ætlaður fullorðnu fólki. Þetta viðheldur og ýtir undir þá staðalímynd að fólk með fatlanir sé ekki fullorðið fólk og með þessu er talað niður til þess.

Með því að barngera fullorðið fólk með fatlanir er sjálfstæði þess ekki virt og staða þess á jaðrinum eða sem „öðruvísi“ undirstrikuð. Það sama gildir um tón textans almennt. Sé skrifað eða þýtt fyrir börn má nota orðalag þeirra en fullorðið fólk skal ávallt ávarpað sem slíkt.

Barnalegar myndir og tónn texta geta að auki fælt aðra lesendur auðlesinna texta frá, svo sem þá sem glíma við lestrarörðugleika án annarra hamlana, fólk sem er að læra íslensku og svo framvegis. Að auki aðgreina barnalegar myndir auðlesinn texta um of og geta gefið í skyn að hann skuli ekki taka alvarlega.

Af þessum ástæðum á **aldrei** að nota myndir sem ætlaðar eru börnum í textum fyrir fullorðið fólk. Tekið skal fram að hér er ekki átt við hjálpartæki á borð við Pictogram og Bliss.

1.2.4 Í vafatilfellum hefur skiljanleiki ávallt forgang

1.2.4.1. Breytingar í málinu

Undanfarin ár hefur umræða skapast um kynhlutlaust mál og hvernig félagslegir þættir og hugmyndir móta mál og máltilfinningu. Með opinberri viðurkenningu þess að kynin séu fleiri en tvö hefur t.a.m. þurft að taka upp ný orð á borð við persónufornafnið „hán“ og nafnorðið „kvár“ yfir kynsegin einstaklinga. Einnig hafa mörg tekið upp á því að laga mál sitt að ólíkri upplifun fólks á sjálfu sér, samfélaginu og veruleikanum með það að markmiði að útiloka engin.

Orðið „maður“ hefur t.d. verið í brennidepli. Oft hefur „maður“ sömu vísan og „manneskja“ og vísar til allra einstaklinga af tegundinni Homo sapiens. Stundum vísar „maður“ þó eingöngu til karlkyns einstaklinga þeirrar tegundar. Við þetta bætist að málfræðilegt karlkyn er ómarkað eða hlutlaust í íslensku. Mörgum þykir sú notkun útilokandi þar sem það getur virst sjálfgefið að um karlmann en ekki bara manneskju sé að ræða.⁴ Sem viðbragð við þessu er stundum talað um „fólk“ í staðinn fyrir „menn“ og „öll“ ávörpuð fremur en „allir“.

Fyrir ekki svo löngu síðan var þróunin sú að starfsheitum í kvenkyni var skipt út fyrir starfsheiti í karlkyni þar sem þau þóttu hlutlaus. „Hjúkrunarkona“ varð að „hjúkrunarfræðingi“, „fóstra“ að „leikskólakennara“ o.s.frv. Þessi þróun hefur nú snúist við og æ oftast er viðskeytinu „-maður“ skipt út fyrir „-kona“ og talað um þingkonur, lögreglukonur og vísindakonur svo dæmi séu nefnd. Hvað kynsegin starfsheiti hefur lítil sem engin hefð skapast.

Sitt sýnist hverjum/hverri/hverju um þessar breytingar en segja má að kynhlutlaust og inngildandi mál samræmist auðlesnu máli í stórum dráttum. Sjálfsagt er að tala um „vísindafólk“ og ávarpa „öll“ en þó geta komið upp tilvik þar sem kynhlutlaust mál togast á við reglur auðskilins máls. Má þar nefna tvennt sérstaklega. Fjölgun orða annars vegar og ósamræmi í orðanotkun hins vegar.

1.2.4.2 Fjölgun orða

Til þess að útiloka engan/enga/ekkert eru gjarnan notuð mörg orð þar sem ómarkað karlkyn hefur eitt verið látið nægja hingað til. Málsgreinin hér á undan er dæmi um slíkt en algengara er að sjá setningar sem þessar:

⁴ „Kynjamál,“ Eiríkur Rögnvaldsson, sótt 5. sept 2024, <https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/16/kynjamal/>..

- a) Í dag starfa bæði þingmenn og þingkonur á Alþingi. Þau setja lög fyrir landið sem forsetinn samþykkir.⁵

Eins og fram kemur í kafla 5.4 gilda sérstakar reglur um notkun persónufornafna í auðlesnu máli og yrði dæmið því svona:

- b) Í dag starfa bæði þingmenn og þingkonur á Alþingi.
Þingmenn og þingkonur setja lög fyrir landið.
Forsetinn samþykkir lögin.

Sé einingin „þingmenn og þingkonur“ endurtekin oft í textanum lengist hann. Það tekur lengri tíma að lesa hann, þreyta getur farið að segja til sín og mikilvægar upplýsingar farið fram hjá lesandanum. Eftir því sem atkvæðum fjölgar vex vandinn sbr. „lögreglumenn og lögreglukonur“ og textinn verður torskildari. Hér togast markmið kynhlutlauss og auðlesins máls á. Þar sem um auðlesna texta er að ræða verður kynhlutleysið að víkja standi það í vegi fyrir því að textinn sé einfaldur, knappur og skiljanlegur. Sé ekki hægt að orða hlutina öðruvísi er því mælt með að málfræðilegt karlkyn sem ómarkað kyn sé notað í auðlesnum textum.

Mögulegri leið til að ná vissu jafnvægi milli auðlæsis og kynhlutlæsis verður lýst hér á eftir.

1.2.4.3 Ósamræmi í orðanotkun

Viðskeytið „-fólk“ í stað „-maður“ er ein leið til að ná fram kynhlutleysi: „vísindafólk“, „blaðafólk“, „Palestínufólk“ o.s.frv. Málin vandast þó þegar vísa þarf til tiltekinnar manneskju. „Fólk“ er eintöluorð sem vísar til hóps. Almennt er ekkert því til fyrirstöðu að tala um „vísindafólk“ og svo „vísindamann“ eða „vísindakonu“ í sama texta. Ein af reglum auðlesins máls er hins vegar að nota ávallt sömu orðin um sömu hlutina. Það samræmist því ekki reglum auðlesins máls að vísa til sömu manneskjunnar sem „vísindamaður“ og „vísindakonu“ í sama textanum. Aftur er því mælt með að sé ekki hægt að orða hlutina öðruvísi sé málfræðilegt karlkyn sem ómarkað kyn notað í auðlesnum textum.

1.2.4.4 Möguleg leið til jafnvægis

Að þessu sögðu er ekki ómögulegt að sýna viðleitni til kynhlutlæsis í auðlesnum textum sé þess óskað. Ein leið til þess er að taka það fram í upphafi eða inngangi texta að átt sé við öll kyn þó eingöngu karlkynið sé notað í textanum. Sú skýring gæti t.d. litið svona út:

- c) Athugið!
Í textanum eru starfsheiti alltaf í karlkyni.
Þannig er auðveldara að lesa textann.

⁵ Iðunn Arna, Jónella Sigurjónsdóttir og Unnur María Sólmundsdóttir, *Halló Heimur 3* (Reykjavík: Menntamálastofnun, 2023), 116.

Til dæmis:

Í textanum stendur þingmaður.

Þingmenn geta verið karlar.

Þingmenn geta verið konur.

Þingmenn geta verið kvár.

Konur á þingi eru kallaðar þingkonur.

2 Tákn

1. Greinarmerki
2. Tákn og merkingar af ýmsum toga auðveldað að koma merkingu textans til skila
3. Notkun talna og tölustafa veltur á eðli og viðfangi textans
4. Tölur skal rita með tölustöfum

2.1 Greinarmerki

Í auðlesnum textum má nota eftirfarandi greinarmerki: punkt, spurningarmerki, upphrópunarmerki, tvípunkt, tilvitnunarmerki, bandstrik og miðjupunkt.

2.1.1 Punktur, spurningar- og upphrópunarmerki

Hver málsgrein í auðlesnum texta inniheldur eina setningu. Málsgreinar eru aðgreindar með *punkti* og hver málsgrein hefst í nýrri línu. Þegar málsgreinar innihalda aðeins eina setningu er hvorki aukasetningar né upptalningar að finna og komma því óþörf. **Kommur eru ekki notaðar í auðlesnum textum.**

Setningar geta hins vegar falið í sér spurningar eða upphrópanir. Spurningar koma oft fyrir í leiðbeiningum og upplýsingatextum á auðlesnu máli og eru að sjálfsögðu táknaðar með *spurningarmerki*:

- e) Hvað eru skilríki?
Skilríki eru kort eða skjal með upplýsingum um þig.
Skilríki eru notuð til að sanna hver þú ert.

Þar sem auðlesnir textar eru ekki bara til fræðslu eða upplýsinga heldur af ýmsu tagi má líka nota *upphrópunarmerki* til að marka tjáningu í auðlesnum textum:

- f) Það gleður mig að heyra!

2.1.2 Tvípunktur

Tvípunktur kemur oft fyrir auðlesnum texta. Tvípunktur er notaður til að draga athygli að tilteknu atriði eða hefja upptalningar:

- g) Þetta skaltu hafa með þér í flugið:
- Farmiði
 - Vegabréf
 - Handfarangur

Tvípunktur sendir skýr skilaboð um að veita því sem á eftir kemur sérstaka athygli. Dæmi um þetta er í kaflanum hér á undan: *Í vafatilfellum hefur skiljanleiki ávallt forgang*, þar sem tvípunkti fylgir nánari skýring á því sem sagt var.

2.1.3 Tilvitnunarkerki

Tilvitnunarkerki (gæsalappir) eru notuð til að afmarka beina ræðu í auðlesnum texta og gefa til kynna breytingu á sjónarhorni. Óbein ræða á ekki heima í auðlesnum texta þar sem hún felur í sér flóknari setningagerð en ákjósanlegt er. Óbein ræða skal því færð yfir í beina ræðu og tilvitnunarkerki notuð þar sem það á við:

- a) Sigurbjörg sagði að hún kæmi á morgun.
- b) Sigurbjörg sagði:
„Ég kem á morgun.“

Gallinn við tilvitnunarkerkin í þessu samhengi er að þau gefa til kynna að viðkomandi hafi sagt hlutina orðrétt á þennan hátt. Sé það svo er viðeigandi að nota tilvitnunarkerki.

Það er þó ekki alltaf hægt að hafa orðrétt eftir í eins og næsta dæmi sýnir:

- c) Frumtexti: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur sent tilkynningu til fjölmiðla þar sem hann ítrekar meðal annars að Grindavík sé ekki staður fyrir barnafólk eða börn að leik. „Lögreglustjóri mælir alls ekki með því að íbúar dvelji í bænum. [...] Þar dvelji enginn að næturlagi. [...] Aðstæður innan og utan hættusvæða geta breyst með litlum fyrirvara. [...] Þá er ekki hægt að útiloka að gossprungu geti opnast inn í Grindavík.“

Tilkynninguna sjálfa þarf að þýða yfir á auðlesið mál. Hún er því ekki lengur orðrétt og því ekki við hæfi að nota gæsalappir líkt og þessu dæmi:

- h) Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur gefið út tilkynningu.
Tilkynningin fjallar um aðstæður í Grindavík.
Nálægt Grindavík hafa verið mörg eldgos.
Börn eiga **alls ekki** að vera í Grindavík.

Lögreglustjórinn segir:
„Fólk á **ekki** að vera í Grindavík.
Sérstaklega **ekki** á nóttunni.
Aðstæður geta nefnilega breyst mjög hratt.
Kannski verður eldgos í Grindavík.“

Það er einstakt við auðlesna texta að þeir geta innihaldið beina ræðu sem ekki er orðrétt. Til að fyrirbyggja misskilning og að leggja fólki orð í munn er hægt að draga beina ræðu inn til afmörkunar í stað tilvitnunarkerkja:

i) Auðlesið:

Lögreglustjórinn segir:

Fólk á **ekki** að vera í Grindavík.

Sérstaklega **ekki** á nóttunni.

Aðstæður geta nefnilega breyst mjög hratt.

Kannski verður eldgos í Grindavík.

2.1.4 Bandstrik

Hingað til hefur tíðkast að skipta löngum og flóknum orðum upp með *bandstriki* þegar auðlesnir textar eru útbúnir. Í þessari handbók er hins vegar lagt til að því verði hætt. Ástæður þess og aðrar leiðir til að auðvelda lesendum að greina löng orð í sundur verða reifaðar í næsta undirkafla, *Miðjupunktur*.

Í auðlesnum textum er orðum ekki skipt milli lína með bandstriki heldur færast orðið í heild sinni yfir í næstu línu.

Hefð er fyrir því í íslensku að nota bandstrik milli orðhluta eða -liða.⁶ Til dæmis:

- Alabama-fylki
- BA-ritgerð
- 7-menningarnir
- Brennu-Njáll
- Norður-Makedónía

Í samsettum orðum má nota bandstrik í auðlesnum textum.

Ekki skal nota bandstrik í stað orðliða til að forðast endurtekningu. Dæmi:

j) Í SS vínarpylsum er kinda-, svína- og nautakjöt.

k) Auðlesið:

Í SS vínarpylsum er:

- Kindakjöt
- Svínakjöt
- Nautakjöt

2.1.5 Miðjupunktur

Miðjupunkturinn, „.“, er líklega stærsta og róttækasta breytingin sem lögð er til í þessari handbók. Bandstrikið hefur löngum verið eitt helsta einkennismerki auðlesinna texta þar sem það hefur verið notað til að skipta löngum, flóknum og ruglingslegum orðum upp í liði

⁶ „Ritreglur“, Árnastofnun, sótt 5. sept 2024, <https://ritreglur.arnastofnun.is/#26>.

svo auðveldara sé að lesa þau. Lesendur taka texta inn í atkvæðum og stökum orðum, ekki bókstöfum, og aðgreining orðliða sem þessi auðveldar lestur textans:

- Þátt-taka
- Íslands-saga
- Atkvæða-greiðsla
- Utanríkis-ráðuneytið

Almenn regla hefur verið að skipta orðum upp þegar þau eru þrísamsett („Íslands-saga“) eða til að gera röð samhljóða skýrari („þátt-taka“). Frá þeirri reglu verður ekki vikið hér en miðjupunktur kemur í stað bandstriks:

- Þátt-taka
- Íslands-saga
- Atkvæða-greiðsla
- Utanríkis-ráðuneytið

2.1.5.1 Hvers vegna miðjupunktur?

Nú er um mikla breytingu að ræða og verður hún ekki gerð nema að vel ígrunduðu máli. Færa má rök fyrir því að engin þörf sé á breytingu og að bandstrikið þjóni þessu hlutverki vel.

Í ritreglum Árnastofnunar um bönd og strik segir: „Bandstrik er stundum notað ef það horfir til skýrleika eða til að aðgreina orðliði í samsetningum sem annars féllu saman og yrðu torkennilegir.“⁷ Eftirfarandi dæmi eru gefin:

- no-leikur
- eða-merki
- sísegul-hverfijárns-mælitæki

Það er ekki til neinn hlutlægur mælikvarði á hvað telst skýrt og hvað telst torkennilegt enda veltur það bæði á eðli og viðfangsefni texta sem og ætluðum lesendum þeirra. Hvergi er gerð ríkari krafa um skýrleika en í auðlesnum textum og er þessi regla því í raun gerð almenn.

Bandstrikið eykur skýrleika og samræmist ritreglum íslenskunnar. Til hvers þá að hætta þessari notkun og taka upp nýtt ták, miðjupunkturinn, í staðinn?

⁷ Sama heimild

2.1.5.2 Lærdómur

Orðin í dæminu hér að ofan yrðu jafnvel vönustu lesendum til vandræða ef ekki væri fyrir bandstrikið. Fyrir vikið er bandstrikið orðið hluti af réttum rithætti þeirra.⁸ Það sem gerist hins vegar í auðlesnum textum er að orð sem alla jafna er ekki skipt upp eru rituð öðruvísi í auðlesnum textum en annars staðar:

- a) Almennur ritháttur: Fegurðarsamkeppnir eru vinsælar í Norður-Ameríku
Auðlesinn ritháttur: Fegurðar-samkeppnir eru vinsælar í Norður-Ameríku

Hafi lesandinn ekki upprunalega textann við höndina er ekki augljóst hvort bandstrikið skuli ávallt nota í báðum orðum, aðeins öðru þeirra, eða hvorugu. Með miðjupunkti blasir það hins vegar við:

- b) Auðlesinn ritháttur með miðjupunkti:
Fegurðar-samkeppnir eru vinsælar í Norður-Ameríku

Miðjupunktur er viðbótartákn og lestrarhjálp sem tilheyrir ekki ritkerfinu sem slíku. Sé það skýrt læra lesendur auðlesinna texta ekki rangan eða óheðfbundinn rithátt orða. Í dæminu hér að ofan heldur bandstrikið sér en miðjupunkturinn fellur brott utan auðlesins máls.

Í sumum tilfellum geta miðjupunktur og bandstrik komið fyrir í sama orðinu:

- Norður-Ameríku-búar
- Félags- og húsnæðismála-ráðuneytið

Hér er tekið tillit til þess að fyrir hluta markhópsins er auðlesinn texti aðeins tímabundið hjálpartæki. Þau nýta sér auðlesið mál á meðan þau tileinka sér aukna færni í lestri eða tungumálinu og er næsta skrefið að lesa og skrifa texta á almennu máli. Það er mikilvægt að þau læri rétta stafsetningu og séu því meðvituð um eðli miðjupunktsins. Með þessari breytingu er stafsetning í raun samræmd við almennt mál og engin þörf á ágiskunum fyrir þau sem nýta sér bæði.

Það hjálpar að nota alltaf sama orðið yfir sama fyrirbærið í auðlesnum textum og eins og fram hefur komið er ekki gott að láta orðin gegna of mörgum hlutverkum í einu. Að sama skapi verður texti skýrari þegar miðjupunktur er látinn sinna þessu hlutverki og bandstrik sínu.

⁸ Leit á vefnum „sísegul-hverfjárnsmælitæki“ skilar aðeins örfáum niðurstöðum og sýnir að orðið virðist einungis notað sem dæmi í ritreglum.

Þó notkun bandstriks í auðlesnum textum hingað til teljist strangt til tekið ekki röng má segja að miðjupunkturinn falli betur að grunnreglu 2.2 um að skrifa rétta íslensku. Að skrifa: „atkvæða-greiðsla“ eða „Íslands-saga“ telst seint góð íslenska.

2.1.5.3 Samfélagslegt samþykki

Sömu rök hníga að því að miðjupunkturinn geti aukið samfélagslegt samþykki auðlesinna texta. Miklir möguleikar eru á að nota auðlesna texta í ýmsu samhengi sem ekki snýr endilega að fólki með þroskahamlanir. Grunnskólar gætu nýtt sér auðlesna texta um stór og flókin málefni líkt og mannréttindi og lýðræði. Auðlesnir textar geta einnig verið gagnlegir á fyrstu stigum tungumálanáms fullorðinna þar sem skýringar fylgja orðum og setningagerð er eins einföld og hún gerist.

Til að svo megi verða skiptir máli að textarnir séu réttir. Of mörg bandstrik á stöðum þar sem það þykir ekki náttúrulegt getur fælt fólk frá auðlesnum textum. Miðjupunkturinn viðheldur aðgreiningu orðhluta en er minna inngríp í textann. Bilið er enn nægilegt til að það komi að gagni en ekki svo mikið að textinn virki sundurslitinn fyrir þau sem ekki þurfa á aðgreiningunni að halda.

2.1.5.4 Að bera kennsl á orð utan auðlesins mál

Löng og flókin orð eiga sjaldnast heima í auðlesnu máli. Þegar þau koma fyrir er það vegna þess að þau eru mikilvæg fyrir skilning á textanum og það er ekki hægt að umorða þau. Í leiðbeiningum um réttindi fatlaðra gæti t.a.m. reynst óhjákvæmilegt að nota orðið „réttindagæslu-maður“. Þá er mikilvægt að góð skýring fylgi orðinu svo lesandinn skilji merkingu þess.

Markmið margra auðlesinna texta er að lesandinn geti athafnað sig í daglegu lífi. Lesandinn þarf því að geta borið kennsl á það sem hann les um þar sem það kemur fyrir annars staðar. Hér auðveldar miðjupunkturinn málið því lesendur búast ekki við honum utan auðlesinna texta og geta þannig komist hjá mögulegum ruglingi.

2.1.5.5 Ritun miðjupunkts

Unicode kóðinn fyrir miðjupunkt er 00B7 og ASCII kóðinn er 183. Í Windows tölvum er miðjupunktur ritaður með „ALT+0183“ það er að segja ALT hnappnum er haldið inni og ASCII kóðinn sleginn inn. Í Apple tölvum með íslensku lyklaborði er miðjupunktur ritaður með „ALT+SHIFT+?“.

2.2 Tákn og merkingar af ýmsum toga auðvelda að koma merkingu textans til skila

Tungumálið samanstendur af ótal merkjum og táknum sem koma merkingu til skila. Táknin eru af ólíkum toga og gegna margvíslegum hlutverkum. Yrt tákn eru hljóðin og orðin sem eru

sögð: *það sem er sagt*. Sömu orðin geta haft ólíka merkingu eftir því *hvernig þau eru sögð*. Raddblær, tónhæð, raddstyrkur og hve hratt er talað eru dæmi um hjáyrnt ták. Þau eru bundin þeim yrtu og hafa áhrif á merkingu þeirra. Óyrnt ták eru svo þau sem ekki eru bundin yrtum og hjáyrntum táknum en koma merkingu engu að síður til skila, t.d. látbragð, handahreyfingar og svipbrigði. Allt vinnur þetta saman.

Það sama má segja um ritmál. Rituð ták eru þau sem mynda textann, stafir, orð og greinarmerki. Hjárituð ták eru þá feitletrun, inndreginn texti, leturgerðir og svo framvegis. Þetta er í raun allt svið leturfraeði og umbrots. Loks eru það svo hin órituðu ták svo sem ljósmyndir, skýringarmyndir, gröf og teikningar sem dæmi. Allt þetta má nýta til að koma merkingu textans skýrt til skila.

Í auðlesnum textum má nota þessi ólíku ták til að endurtaka og undirstrika mikilvæg atriði á ólíkan hátt. Til dæmis má feitletra mikilvægar upplýsingar þegar þær koma fyrst fram í textanum og útskýra þær á sama tíma með myndum. Nánar er fjallað um þetta í 6. kafla.

2.3 Notkun talna og tölustafa veltur á eðli og viðfangi textans

Í eldri leiðbeiningum um auðlesinn texta⁹ eru gefnar nokkrar þumalputtareglur varðandi notkun talna og prósentu sem taka má saman svona:

- Notið tölustafi ekki töluorð
- Segið „1 af hverjum 10“ frekar en „10% manna“.
- Sum eiga erfitt með prósentur og því má segja „fáir“ eða „lítið“ í stað „7%“ sem dæmi.
- Sum eiga erfitt með stórar tölur og því oft betra að segja „margir“ eða „mikið“ í stað „1.567“ sem dæmi.
- Einfaldara er að nota 12 tíma klukku en 24 tíma og tala þá um fyrir og eftir hádegi.

Þetta eru ágætis viðmið en að sama skapi of almenn. Oft er við hæfi að tala um „mikið“ eða „lítið“, „marga“ eða „fáa“ en þetta má ekki alháfa. Hér eru því leiðbeiningar um notkun talna í ólíku samhengi auðlesinna texta.

2.3.1 Ártöl

Stundum þurfa ártöl að vera nákvæm, t.d. þegar fjallað er um sögulega atburði, en í öðrum tilvikum geta þau einfaldlega flækt hlutina. Þá getur nægt að segja „fyrir löngu síðan“ eða „fyrir 300 árum“. Ef fjallað er um atburði á þessari eða liðinni öld er ágætt að nota ártöl til að forðast það að textinn úreltist fljótt vegna setninga á borð við: „fyrir 40 árum“. Skoða þarf

⁹ Sigurður Sigurðsson, *Auðskilinn texti* (Reykjavík: Styrktarfélagið Ás, 2010), 18-19.

hvert tilfelli fyrir sig og og spyrja hvort ártalið skipti höfuðmáli fyrir textann, hvort það megi sleppa ártalinu eða setja fram á ónákvæmari en skiljanlegri hátt.

2.3.2 Prósentur og háar tölur

Það sama gildir um prósentur og háar tölur. Sé viðfangsefnið stærðfræði, skattamál, erfðaréttur og slíkt þurfa tölur og prósentur að vera nákvæmar. Eftirfarandi texti er ekki sérlega fræðandi:

- a) Þú þarft að borga mikið í skatt.
Þú færð svolíttinn afslátt af skattinum í hverjum mánuði.
Þá borgar þú minni skatt.

Hvernig myndir þú leysa þetta? Aftur þarf að huga að samhengi og hve mikilvægar háar tölur og prósentur eru fyrir skilning á textanum. Sé ekki hægt að koma viðfangsefninu til skila öðruvísi gæti þurft að skrifa stutta skýringu og/eða miðla háum tölum og prósentum á myndrænan hátt. Stöpla- og kökurit geta komið að góðu gagni. Þó ekki allir lesendur geti meðtekið allar upplýsingarnar er ekki þar með sagt að efni textans almennt skili sér ekki eða komi ekki að gagni.

2.3.3 Tímasetningar

Fyrri leiðbeiningar mæla með notkun 12 tíma klukku í stað 24 tíma. Dæmi:

- b) Ekki skal rita: Tónleikarnir byrja klukkan 21:00.
Betra: Tónleikarnir byrja klukkan 9 um kvöldið.

Ekki verður vikið frá þessum meðmælum hér en áhugavert er að velta upp hvort skilningur fólks á tímasetningum og klukkum hafi breyst með útbreiðslu stafrænna klukkna í snjalltækjum.

2.4 Tölur skal ávallt rita með tölustöfum

Í auðlesnum textum skal ávallt rita tölur með arabískum tölustöfum:

- a) 12 lærisveinar, 4 lærissneiðar, 86.400 sekúndur.

Ástæðan er sú að töluorð verða mjög fljótt að langri og ógagnsæri orðarunu:

- b) Áttatíu og sex þúsund og fjögur hundruð sekúndur.

Með því að nota tölustafi sést munurinn á stórum tölum skýrar þar sem beint samhengi er á milli stærðar tölunnar og fjölda tölustafa:

- c) Íslendingar eru um 400.000
Hollendingar eru um 18.000.000
Kínverjar eru um 1.400.000.000.

Munurinn á töluorðunum er mun handahófskenndari:

- d) Fjögur hundruð þúsund
Átján milljónir
Einn milljarður og fjögur hundruð milljónir

Ókosturinn við að nota eingöngu tölustafi er sá að fólk með litla íslenskukunnáttu gæti átt erfitt með að lesa tölurnar upphátt. Arabíska talnakerfið er aftur á móti notað um nánast allan heim og hefur því mikla yfirburði þegar kemur að lesskilningi. Þetta er því annað dæmi um það hvernig skiljanleiki skal ávallt hafa forgang í auðlesnum textum.

3 Orð

1. Notið grunnorðaforða
2. Notið stutt orð eins og hægt er
3. Forðist fræði-, töku- og erlend orð
4. Sleppið skammstöfunum

3.1 Notið grunnorðaforða

Þennan hluta handbókarinnar mætti kjarna sem: „Notið stutt, einföld og algeng orð.“ Það er ágæt regla og raunar láta sumar leiðbeiningar um auðlesið mál þar við sitja. Ein og sér er þessi regla þó ekki fullnægjandi því þá er það alfarið í höndum þýðenda og textahöfunda að meta hvað sé einfalt og hvað sé algengt.

Orðtíðnilistar á borð við MÍNO¹⁰ eða Orðtíðnivef Árnastofnunar¹¹ geta komið að gagni og veitt hlutlægar upplýsingar um algengi orða. Á sama tíma má ekki reiða sig um of á orðtíðnilista. Þeir byggja á málheildum sem samanstanda að stórum eða öllum hluta af rituðu máli. Notendur auðlesinna texta eru eðli málsins samkvæmt ekki endilega kunnugir almennu ritmáli. Því er ekki sjálfgefið að þeir þekki öll þau orð sem teljast algeng í ritmáli þar sem auðlesið efni er mun nær talmáli. Orðtíðnilistar geta engu að síður verið ákveðinn útgangspunktur og sé orð neðarlega á viðeigandi orðtíðnilista þarf að spyrja sig hvort ekki þurfi að skýra það vel.

*Tíðni orða í tali barna*¹² gæti einnig komið að gagni hér. Hún sýnir hvaða orð börn nota helst til að tjá sig í samtölum við fullorðna. Þar er að finna hátt í 8.000 orðmyndir og tæp 4.000 flettiorð.

Það er ekki til nein ein fullkomin og algild regla. Þýðendur og höfundar auðlesinna texta verða að reiða sig að einhverju leyti á reynslu og þekkingu sína og annarra. Sem þumalputtareglu má minna á grunnreglu 2 að sækja fremur í miðjuna en jaðarinn. Væri hægt að skrifa „læknir“ í staðinn fyrir „kvensjúkdómalæknir“? „Blóm“ fremur en „lambagras“? Ef svo er skal gera það. Ef ekki skal útskýra orðið, jafnvel með myndum.

Með því að nýta þennan grunnorðaforða sem mest er dregið úr flækjustigi textans og aðalatriðin komast betur til skila.

¹⁰ Auður Pálsdóttir, Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Starkaður Barkarson, *Word frequency list from the Icelandic Corpus for Academic Words (Orðtíðnilisti Málheildar fyrir íslenskan námsorðaforða - MÍNO)* (CLARINS-IS, 2022).

¹¹ „Orðtíðnivefur Árnastofnunar,“ Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sótt 16. september 2024, <https://ordtidni.arnastofnun.is/>.

¹² Jóhanna Telma Einarisdóttir, Anna Lís Pétursdóttir og Íris Dögg Rúnarsdóttir, *Tíðni orða í tali barna* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2019).

3.2 Notið stutt orð eins og hægt er

Því lengra sem orð er, því erfiðara er að lesa það. Það gildir fyrir alla lesendur, ekki einungis þá sem nýta sér auðlesinn texta. Það tekur mun lengri tíma að lesa eitt fimmatkvæðisorð en fimm einsatkvæðisorð, með tilheyrandi hættu á misskilningi. Þetta er þó sérstaklega vandasamt fyrir notendur auðlesinna texta sem þurfa þá að leggja þeim mun meira á sig til að skilja textann. Þar sem auðlesnir textar eiga að hámarka skiljanleika og ryðja burt öllum mögulegum hindrunum skal nota eins stutt orð og hægt er alls staðar þar sem því verður við komið.

Annað sem mælir með notkun stuttra orða er að það er ekki alltaf augljóst hvar löng og samsett orð skiptast. Vanir lesendur eru ekki í vafa enda þekkja þeir gjarnan til viðfangsefnisins og búa að ríkari bakgrunnsþekkingu og auðveldara aðgengi að upplýsingum. Notendur auðlesinna texta hafa gjarnan haft færri tækifæri til að afla sér upplýsinga og tileinka sér „almenna þekkingu“.

Þegar lesandinn þarf að brjóta langt orð niður í smærri einingar þarf hann að púsla þeim aftur saman í huganum. Það krefst einbeitingar og getur dregið athyglina frá stóra samhenginu og inntaki textans. Þetta getur líka smitað út frá sér þar sem erfiðara verður að bera kennsl á nærliggjandi orð í svipinn. Þau eru tekin inn hvert fyrir sig og aftur þarf að setja hluta saman sem annars hefðu myndað eina heild til að byrja með.

Sé nauðsynlegt að nota lengri orð í textanum skal gera þau læsilegri með miðjupunkti.

3.3 Forðist fræði-, töku og erlend orð

Fræði-, töku- og erlend orð tilheyra ekki grunnorðaförða íslenskunnar. Erlend orð tilheyra ekki einu sinni íslensku. Höfundar og þýðendur auðlesinna texta þurfa því eftir fremsta megni að nota íslensk orð. Vandinn er að stundum eru ekki til nein orð á íslensku sem ná utan um það sama og töku- eða erlend orð. Séu þau til eru þau gjarnan lítið notuð fræðiorð sem alveg jafn ólíklegt er að lesendur þekki og skilji.

Enn og aftur er fyrsta skrefið að meta hve mikilvægt orðið er fyrir textann, umorða ef það er hægt eða útskýra ef þess þarf. Markmið textans getur til dæmis verið að gera lesendum kleift að skilja ákveðin orð þar sem þau eru notuð utan auðlesinna texta.

Dæmi um þetta eru skýringar á eyðublöðum þar sem ákveðin orð koma fyrir og hafa tiltekna lagalega merkingu. Til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun og fyllt eyðublaðið rétt út verður lesandinn að skilja þessa merkingu og því verða orðin að koma fyrir í auðlesna textanum eins og þau standa í frumtextanum. Eins ef verið er að upplýsa lesendur um tiltekna sjúkdóma, aðgerð eða meðhöndlun má umorða stóran hluta textans en sumu má ekki breyta og krefst það því nákvæmrar skýringar.

3.4 Sleppið skammstöfunum

Orðasambönd sem eru algeng í texta eru gjarnan skammstöfuð. Má þar nefna til dæmis „t.d.“ (= „til dæmis“), „m.a.“ (= „meðal annars“), „o.s.frv.“ (= „og svo framvegis“), og svo framvegis.

Í auðlesnum textum skal ekki skammstafa þessi orðasambönd þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir þekkingu á þessum ritvenjum. Að auki þarf lesandinn að taka skammstöfunina í sundur og setja aftur saman með orðunum sem stafirnir standa fyrir. Það krefst vinnu sem vanir lesendur taka ekki eftir en getur vafist fyrir óvönnum lesendum. Það sama gildir um orð eins og „króna“ (= „kr.“) og „Reykjavík“ (= „Rvk“).

Málið vandast örlítið þegar kemur að stofnunum og fyrirtækjum sem nota gjarnan heiti og skammstöfun jöfnum höndum:

- Ríkisútvarpið /RÚV
- Tryggingastofnun Ríkisins/TR
- Evrópusambandið/ESB
- Vátryggingafélag Íslands/VÍS
- Rannsóknamiðstöð Íslands/Rannís
- Háskóli Íslands/HÍ

Almennt skal heitið skrifað út enda orð gagnsærri en skammstafanir. Hafi skammstöfunin rækilega fest sig í sessi í talmáli má láta hana fylgja með. Ríkisútvarpið (RÚV) er gott dæmi um það. Gildir þetta oft líka um erlendar skammstafanir á stofnunum sem slæðast inn í tungumálið okkar svo sem NATO og EFTA.

Gera skal undantekningu á þessari reglu þegar kemur að orðum og fyrirbærum sem eru nánast eingöngu þekkt undir skammstöfuninni. Má þar nefna BSÍ sem dæmi.

Umferðarmiðstöðin er kölluð BSÍ í daglegu tali og eflaust ekki allir sem vita fyrir hvað BSÍ stendur (Bifreiðastöð Íslands). Rannís er annað dæmi um það hvernig skammstöfun verður ráðandi í tungumálinu og sést það á því að hún er rituð eins og hvert annað sérnafn og tekur jafnvel beygingu. Engin þörf er þá á að taka fram fullt heiti stofnunarinnar.

Erlendar skammstafanir hafa einnig fest sig í sessi í heimi vísindanna. DNA er ekki bara þjálla en deoxýríbósakjarnsýra heldur líka það sem erfðaefni allra lífvera er jafnan kallað í bæði daglegu og fræðilegu tali. Skrifa skal DNA í auðlesnum textum. Það sama á við um HIV en sem dæmi skal skrifa alnæmi fremur en AIDS.

4 Setningar

Það er á sviði setningagerðar sem auðlesið mál er hvað frábrugðnast hefðbundinni íslensku. Hingað til hefur skort nákvæmar leiðbeiningar um hvaða leiðir eru færar til að einfalda setningagerð með áherslu á skýrleika. Hér verður bætt úr því og byggir þessi kafli sérstaklega á rannsóknum Christiane Maaß og Ursulu Bredel hjá Forschungsstelle Leichte Sprache við Háskólann í Hildesheim.

1. Sagnorð í stað nafnorða
2. Forðist þolmynd
3. Notið einfalda orðaröð
4. Aðeins ein yrðing í hverri setningu
5. Engar aukasetningar, engar kommur
6. Leyst úr nafnorðastíl
7. Forðist viðtengingarhátt
8. Þátíð, nútíð, framtíð
9. Myndlíkingar
10. Neitanir

4.1 Sagnorð í stað nafnorða

Þriðja grunnregla auðlesins máls snýst um að leggja áherslu á virkni og hver það er sem gerir eða á að gera hvað. Helstu leiðir til þess eru að forðast nafnorðastíl og þolmynd. Tæpt var á þessu hér að ofan en í þessum undirkafla og þeim næsta verður nánar fjallað um þessi atriði.

Nafnorðastíll er einkenni fag- og fræðitexta og felst í því að upplýsingum er komið til skila með óhlutbundnum nafnorðum á meðan sagnir víkja og/eða verða merkingarlitlar:

- a) Að gera prófanir > að prófa

Nafnorðastíllinn réttlætist af því að óhlutbundnum nafnorðun fylgir oft nákvæm skilgreining sem beint og/eða óbeint er vísað til í fag- og fræðitextum. Sé sömu staðreyndum miðlað með sagnorðum getur þessi vísun tapast. Á tilteknu sviði getur það að „gera prófanir“ falið í sér skýrt verklag og gæðastaðla sem það að „prófa“ vísar ekki til.

Auðlesnir textar eru hvorki fag- né fræðitextar og á nafnorðastíll ekki heima þar. Mun skýrara er að nota sagnir eins og fjallað er um í kafla 1.1.3.

Nafnorðastíllinn á það einnig til að fara fram úr öllu hófi þegar fólk vill vanda mál sitt eða nota formlegt og stofnanalegt mál. Það getur skapað ásynd nákvæmni án þess að bæta

raunar nokkru við. Í „Hugleiðingum um íslenskt lagamál“ tekur Kristján Árnason eftirfarandi dæmi um þann misskilning að nafnorðastíllinn sé alltaf nákvæmari og vísindalegri:

- b) Hagfræðingar segja að *aukning eða minnkun á kaupgetu fólks hafi áhrif til hækkunar eða lækkunar á íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu*.¹³

Hér eru upplýsingarnar grafnar í nafnorðaflaumi og það væri mun skýrara ef hagfræðingar segðu:

- c) *Verð á húsnæði fylgir kaupgetu*.

Þó má enn bæta um betur sé ætlunin að hafa textann auðlesinn, enda hafa mikilvægar upplýsingar fallið brott í tillögu Kristjáns, og skrifa:

- d) *Verð á húsnæði fer eftir því hvað fólk á mikla peninga.*
Þetta gildir á höfuðborgar-svæðinu.

Hvað svo sem liggur að baki nafnorðastílnum þá á hann ekki heima í auðlesnu máli. Þess vegna þarf að umorða textann þar sem nafnorðastíllinn kemur fyrir. Við það að umorða textann getur hann lengst til muna eins og dæmi d) sýnir. Óhlutbundin nafnorð má aðeins nota ef þau skipta verulegu máli fyrir textann og skulu þeim þá fylgja skýringar. Sjá: 3.3. Forðist fræði-, töku og erlend orð.

4.2 Forðist þolmynd

Frá sjónarhóli málfræðinnar er hvorki flóknara né erfiðara að skilja þolmynd en germynd. Gallinn við þolmynd er hins vegar sá að hún felur oft mikilvægar upplýsingar: hver það er sem gerir hlutina. Þolmyndin er ráðandi í mörgum textum og gerir það að verkum – hvort sem það er ætlunin eða ekki – að leikendur og gerendur hverfa úr textanum. Texti verður torskildari þegar mikilvægar upplýsingar sem þessar eru ekki í textanum heldur þarf að lesa úr samhenginu. Tökum dæmi:

- a) Í dag eru kosningar til nemendaráðs.
b) Í dag verður nemendaráð kosið.
c) Í dag kjósum við í nemendaráð.

Í dæmi a) er aðalatriðinu miðlað með nafnorði og hjálparsögn: „eru kosningar“. Í dæmi b) er sama atriði sett fram með sögn í þolmynd: „verður [...] kosið“. Það er fyrst í c) sem það kemur fram hver það er sem gerir eitthvað: við kjósum. Dæmi c) er mun nákvæmara en hin og getur falið í sér boð: kjóstu. Hvorki a) né b) gefa til kynna að lesandinn hafi möguleika á

¹³ Kristján Árnason, „Hugleiðingar um íslenskt lagamál,“ Málfrægnir 19, (2000): 5.

gera nokkuð. Fyrir vikið er germynd mun ákjósanlegri en þolmynd. Eins og dæmin sýna þá á nafnorðastíllinn það alveg jafn mikið til að dylja leikendur og gerendur.

Þetta er mikilvægt úrlausnarefni fyrir þau sem þýða texta yfir á auðlesið mál, að bæta við nauðsynlegum upplýsingum sem ekki er að finna í textanum. Það kemur hvorki fram í a) né b) hver það eru sem kjósa. Þeim upplýsingum var bætt við í c).

Þegar setningum í þolmynd eða nafnorðastíl eru þýddar á auðlesið mál þarf oft að vera mun nákvæmari en frumtextinn býður upp á. Þýðandinn þarf að draga fram og nefna aðila sem ekki er endilega minnst á í frumtextanum. Það er ekki alltaf auðvelt, sérstaklega þegar kemur að lagatextum og reglugerðum:

- d) Skila þarf inn umsókn í síðasta lagi 20. þess mánaðar sem taka eftirlauna á að hefjast.

Hér er enginn gerandi tekinn fram: Hver getur sótt um? Hvar sækir maður um? Það kemur kannski fram einhvers staðar annars staðar í textanum en það er alls ekki alltaf tilfellið. Þýðandinn þarf að bæta þessum upplýsingum við á þeim stað sem þeirra er þörf. Þessar „viðbótar“-upplýsingar eru ein helsta ástæða þess að auðlesnir textar geta gagnast mun fleirum en aðeins markhóp auðlesins texta.

4.3 Notið einfalda orðaröð

Sjálfgefin orðaröð í íslensku er F-S-A (frumlag-sögn-andlag). Íslenskan er þó frjó og getur orðaröðin tekið breytingum þegar upplýsingum er bætt við:

- a) Sigurður heimsækir vin sinn. F-S-A
- b) Á morgun heimsækir Sigurður vin sinn. S-F-A

Þessi breytta orðaröð getur markað ólíkar áherslur:

- c) Sigurður **heimsækir vin sinn** á morgun.
- d) **Á morgun** heimsækir Sigurður vin sinn.

Þessar setningar hafa sömu merkingu. Í c) er áherslan þó á heimsóknina en í d) á hvað Sigurður mun gera á morgun. Þessum greinarmun má halda í auðlesnum textum en mælt er með að nota sjálfgefna orðaröð hvar sem því verður við komið.

4.4 Aðeins ein setning í hverri málsgrein

Í auðlesnum textum eiga málsgreinar ekki að vera flóknar og margþættar heldur einfaldar. Málsgreinar skulu því einungis innihalda eina setningu hver. Það sem hægt er að segja í einni setningu er ein hugsun. Slíkt er í eðli sínu einfalt. Frekari skýringar, skilgreiningar,

skilyrðingar og útlistanir á einstökum atriðum kalla á nýjar setningar og eiga því heima í nýjum málsgreinum sem skulu hefjast í nýjum línunum.

4.5 Engar aukasetningar, engar kommur

Málsgreinar skulu vera einfaldar og aðeins innihalda eina setningu. Af þessu leiðir að aukasetningar eiga ekki heima í auðlesnum textum. Raunar er það eitt helsta úrlausnarefnið hvernig greiða skuli úr flóknum, samsettum setningum. Í þessum undirkafla verður fjallað um helstu gerðir aukasetninga og staðlaðar aðferðir við að færa þær í auðlesið mál.

Staðlaðar aðferðir auðvelda þýðendum og textahöfundum vinnu sína og auka skilning lesenda. Með því að nota ávallt sömu samtengingar og setningargerð fyrir setningar af sama tagi læra lesendur að bera kennsl á þær og skilja betur merkingu þeirra.

4.5.1 Skilyrðissetning: „Ef..., þá...“ → Spurning + „þá...“

- Svarar spurningunni: „Við hvaða skilyrði/undir hvaða kringumstæðum?“
- Þekkist í frumtextanum á: „ef, (þá)“ og „nema“.
- Á auðlesnu máli: Spurning + „þá...“

Skilyrðissetningar geta komið fyrir án samtengingar:

- a) Viljir þú fá sérúrræði (þá) þarftu að senda inn umsókn.

Skilyrðissetningar tilgreina skilyrði og afleiðingar þess að skilyrðin séu uppfyllt.

- b) Ef þú vilt fá sérúrræði, (þá) þarftu að senda inn umsókn.

Skilyrðissetningar geta líka lýst veruleika sem raungerðist ekki. Slíkar setningar er mjög snúið að þýða á auðlesið mál:

- c) Ef þú hefur sent inn umsókn, þá hefur þú fengið sérúrræði.

Setningar á borð við þessa eru flóknar í eðli sínu: Þær tilgreina skilyrði, sem hefði það verið uppfyllt í fortíðinni myndi hafa tiltekna afleiðingar, sem nú, þar sem skilyrðið var ekki uppfyllt, geta ekki átt sér stað (svo auðveldlega). Það að fjalla um veruleikann á þennan hátt gerir miklar kröfur til allra lesenda, ekki einungis þeirra sem nýta sér auðlesið mál. Auk setningagerðarinnar (sem á ekki að nota) eykur viðtengingarhátturinn flækjustigið til muna, en hann getur verið mjög erfitt að forðast. Þegar kemur að óraunverulegum skilyrðissetningum sem þessari þarf að lesa í samhengið hvaða fullyrðingar þær innihalda. Þá fullyrðingu þarf svo að setja fram. Í þessu tiltekna dæmi snýr þetta að aðstæðum lesandans. Viðkomandi hefur væntanlega ekki fengið nein sérúrræði. Ástæðan er sú að engin umsókn var send inn:

d) Auðlesið mál:

Til að fá sér-úrræði þarftu að senda inn umsókn.

Umsóknin þarf að berast skólanum fyrir (dagsetning, dögum áður,...)

Þú sendir **ekki** inn umsókn.

Þess vegna færð þú **ekki** sér-úrræði.

Óraunverulegar skilyrðissetningar eru í öllu falli áskorun fyrir þýðendur.

Auðveldara er að eiga við **raunverulegar skilyrðissetningar**: skilyrðin eru sett fram sem spurning og afleiðingarnar kynntar með „Þá“:

e) Auðlesið mál: Vilt þú fá sér-úrræði?

Þá þarftu að senda inn umsókn.

Mælt er með því að leysa úr skilyrðissetningum með þessum hætti þar sem hann er tiltölulega auðskilinn. Sé það alltaf gert getur það leitt til þess að fjölmargar spurningar komi fyrir í sumum textum. Þá má skoða hvort einhverjar skilyrðissetningar séu í raun nauðsynlegar eða hvort setja megi efnið fram með öðrum hætti og beina lesandanum að þeim upplýsingum sem hann þarf á að halda.

4.5.2 Orsakarsetning: „Af því að...,...“, „...,vegna þess að...“ → Orsök á undan afleiðingu: „Þess vegna“; Afleiðing á undan orsök: „nefnilega“

- Svarar spurningunni: „Hvers vegna? Hver er ástæðan?“
- Þekkist í frumtextanum á: „af því að“, „vegna þess að“, „þess vegna“, „fyrir vikið“ og „þar af leiðandi“.
- Á auðlesnu máli: „þess vegna“ eða „nefnilega“

Orsakarsetningar tilgreina ástæðu þess að eitthvað gerist eða er eins og það er. Orsökina má tilgreina annað hvort á undan eða eftir afleiðingunni. Það er einnig möguleiki í auðlesnu máli:

- a) Kaffihúsið þurfti að loka á veturna vegna þess að þá komu engir viðskiptavinir.
- b) Auðlesið: Það voru engir viðskiptavinir á veturna
Þess vegna þurfti kaffihúsið að loka þá.
- c) Auðlesið: Kaffihúsið þurfti að loka á veturna.
Það voru **nefnilega** engir viðskiptavinir þá.

Það hvor möguleikinn er valinn fer eftir því hvað leggja skal áherslu á. Í b) er áherslan á orsökina (skortur á viðskiptavinum) sem leiðir að tilteknu ástandi (kaffihúsið þurfti að loka). Í c) er ástandinu lýst og orsökina tilgreind í næstu setningu. Hvort um sig getur átt vel við í ákveðnu samhengi en á þessu tvennu er smávægilegur blæbrigðamunur. Gott er að geta gripið til beggja í auðlesnum textum.

4.5.3 Tíðarsetning: „Meðan...“; „Áður en...“; „Eftir að...“ → Atburðir settir í rétta tímaröð, mögulega: „fyrst“, „svo“, „núna“, „og“.

- Svarar spurningunni: „Hvenær? Síðan hvenær? Hve lengi?“
- Þekkt í frumtextanum á: „meðan“, „eftir að“, „áður en“, „þangað til“, „þegar“, „síðan“ og „svo lengi sem“.
- Á auðlesnu máli: Atburðir í réttri tímaröð + hjálpar orð á borð við „fyrst“, „svo“, „núna“, „og“

Tíðarsetningar gefa til kynna í hvaða röð atburðir gerast; samtímis, einn á undan öðrum, einn á eftir öðrum.

Tíðarsetningar geta verið lúmskar: Það kemur fyrir að setning sé „klædd í búning“ tíðarsetningar en eigi í raun að lesast sem orsakar- eða viðurkenningarsetning:

a) Hún varð ólétt og svo gifti hún sig.

Hér er greint frá tveimur atburðum og í hvaða röð þeir áttu sér stað. Engu að síður eru orsakatengsl gefin sterkt í skyn, að óléttan sé ein eða jafnvel eina ástæða giftingarinnar.

b) Fyrst drakk hann þrjá bjóra og svo settist hann undir stýri.

Aftur er greint frá tveimur atburðum og í hvaða röð þeir áttu sér stað. Engu að síður felst í setningunni viss viðurkenning: Hann settist undir stýri „þrátt fyrir“ að vera undir áhrifum.

Fyrsta skref þýðandans er því að ákvarða hvort um raunverulega tíðarsetningu sé að ræða. Eigi setningin að lesast á annan hátt þarf þýðandinn að draga þá merkingu upp á yfirborðið:

c) Auðlesið:

María varð ólétt.

Þess vegna giftu María og Pétur sig.

d) Auðlesið:

Róbert drakk þrjá bjóra.

Samt keyrði Róbert svo bíl.

Sé um raunverulega tíðarsetningu að ræða felst þýðingin í því að setja atburði fram í réttri tímaröð og leggja áherslu með orðum á borð við „fyrst“, „svo“ o.s.frv.

e) Gengið er frá dúfunum eins og kjúklingi eftir að búið er að reyta þær, taka innan úr og flambæra.

f) Auðlesið:

Fyrst tekur þú fjaðrirnar af dúfunni.

Svo opnar þú kviðinn á dúfunni.

Svo tekur þú innyflin úr kviðnum.

Svo flamberar þú dúfuna.
Það gerir maður svona: ...
Svo bindur þú fæturna á dúfunni saman. ...

4.5.4 Afleiðingarsetning: „... svo að...“ → „... Þess vegna...“

- Svarar spurningunni: „Hvað leiðir af því sem var sagt?“
- Þekkest í frumtextanum á: „svo að“ eða „svo ... að“.
- Á auðlesnu máli: „Þess vegna“

Afleiðingarsetning tilgreinir afleiðingu gjörðar eða atburðar. Þær skal meðhöndla á sama hátt og orsakarsetningar:

- a) Það komu **svo** fáir gestir **að** kaffihúsið þurfti að loka.
- b) Það komu mjög fáir gestir **svo að** kaffihúsið þurfti að loka.
- c) Auðlesið:
Það komu mjög fáir gestir.
Þess vegna þurfti kaffihúsið að loka.

4.5.5 Viðurkenningarsetning: „Þó að...“ → „samt“

- Svarar spurningunni: „Þrátt fyrir hvað?“
- Þekkest í frumtextanum á: „þó“, „þó að“, „þó svo“, „þrátt fyrir“, „engu að síður“, „eftir sem áður“ og „samt sem áður“.
- Á auðlesnu máli: „samt“

Viðurkenningarsetningar tilgreina aðstæður sem eru í andstöðu við það sem átti sér stað:

- a) **Þrátt fyrir að** Lúðvík hafi undirbúið sig vel fyrir prófið náði hann því ekki.
- b) Auðlesið:
Lúðvík undirbjó sig vel fyrir prófið.
Samt náði Lúðvík ekki prófinu.

Með því að leysa úr viðurkenningarsetningum með þessum hætti er formgerðinni haldið en henni skipt upp í tvær stakar setningar.

4.5.6 Tilgangssetning: „...til þess að...“ → „...vilja...“ + „Þess vegna...“

- Svarar spurningunni: „Til hvers? Í hvaða tilgangi?“
- Þekkest í frumtextanum á: „til þess að“, „til að“, „svo að“ og „svo“.
- Á auðlesnu máli: „...vilja...“ + „Þess vegna...“

Tilgangssetningar tilgreina tilgang gjörðar. Þá er gjarnan sagt frá ætlun gerandans sem miðar að tilteknu marki:

- a) Fjóla skaut boltanum í vinstra hornið **til þess að** rugla markmanninn.

Þessa ætlun má draga fram í auðlesnu máli með því að leggja áherslu á vilja þess sem gerir eitthvað og taka fram hvert markmið viðkomandi er. Tilgangi er þannig lýst með ætlun („vilja“) og orsök („þess vegna“):

- b) Auðlesið:

Fjóla **vildi** rugla markmanninn.

Þess vegna skaut hún boltanum í vinstra hornið á markinu.

4.5.7 Tilvísunarsetningar: Takmarkandi → bæta við upplýsingum og skýringum; ekki takmarkandi → skipta upp í fleiri setningar

Tilvísunarsetningar bæta upplýsingum við það sem er sagt til nánari ákvörðunar. Þær geta ýmist verið takmarkandi eða ekki og það hvernig leyst skal úr þeim veltur á því. Hvað takmarkandi tilvísunarsetningar varðar þarf að taka nauðsynlegar upplýsingar fram og útskýra. Takmarkandi tilvísunarsetningar tilgreina upplýsingar sem ekki er hægt að skilja aðalsetninguna án. Þeim er ekki hægt að sleppa:

- a) Vitnin sem þögðu við yfirheyrslu reyndust gagnslaus.

Tilvísunarsetningin takmarkar gildi fullyrðingarinnar við þau vitni sem þögðu við yfirheyrslu. Vel má vera að önnur vitni hafi reynt hjálpleg. Það má því ekki fella þessar upplýsingar á brott án þess að breyta merkingunni verulega.

Tilvísunarsetningar sem eru ekki takmarkandi fela í sér viðbótarupplýsingar. Þær geta verið áhugaverðar og mikilvægar en það má líka lesa setninguna svona:

- b) Vitnin, sem þögðu við yfirheyrslu, reyndust gagnslaus.

Hér er leshátturinn sá að vitnin hafi verið gagnslaus og að þau hafi þagað við yfirheyrslu. Til þess að kanna hvort tilvísunarsetning sé takmarkandi eða ekki má prófa að skjóta inn orðunum „vel á minnst“ eða setja tilvísunarsetninguna í sviga:

- c) Vitnin, sem vel á minnst þögðu við yfirheyrslu, reyndust gagnslaus.

- d) Vitnin (sem þögðu við yfirheyrslu) reyndust gagnslaus.

Haldi setningin merkingu sinni er hún ekki takmarkandi. Breytist merkingin er hún það.

Í tilfalli a), sem er takmarkandi, er einn möguleikinn sá að breyta henni í skilyrðissetningu:

- e) Ef vitnin þögðu við yfirheyrslu, þá voru þau gagnslaus.

Hér er lausnin komin fyrir auðlesið mál:

- f) Auðlesið: Þögðu vitnin við yfirheyrslu?

Þá voru þau ekki góð vitni.

Tilvísunarsetningar sem ekki eru takmarkandi má yfirleitt brjóta upp í fleiri setningar nokkuð auðveldlega:

- g) Auðlesið: Vitnin voru ekki góð.
Vitnin þögðu nefnilega við yfirheyrslu.

4.6 Leyst úr nafnorðastíl

Hér á undan var gert grein fyrir því hvernig leysa má úr flóknum aukasetningum með ákveðnum aðferðum. Aukasetningar eru þó ekki það eina sem getur vafist fyrir þýðendum heldur einnig hinn títtnefndi nafnorðastíll sem er ríkjandi í fag- og fræði textum. Það getur reynst afar snúið að snara nafnorðastílnum beint yfir í auðlesið mál. Einföldunin á sér þá stað á þremur stigum í tveimur skrefum:

- 1) Nafnorð: Flókinn nafnorðastíll liggur fyrir í frumtextanum.
- 2) Samsettar setningar: Nafnorðastíllinn er færður í samsettar setningar.
- 3) Auðlesinn texti: Samsettu setningarnar eru færðar í einfaldar setningar.

Tökum dæmi:

- a) 1: Við höfum þegar útskýrt fyrir þér leiðbeiningarnar um notkun heyrnartækjanna.
- b) 2: Við höfum þegar útskýrt fyrir þér **hvernig heyrnartækin þín virka/hvernig þú átt að nota heyrnartækin þín.**

Hér þarf þýðandinn oft að túlka. Ef það er ekki fyllilega ljóst af samhenginu hvor túlkunin á við þarf að spyrja þann sem lagði frumtextann til hvor túlkunin er rétt áður en lengra er haldið. Í þessu tilfelli geta „leiðbeiningar um notkun“ átt bæði við um ýmis tæknileg atriði (varúðarmerkingar, viðhald og virkni) en líka hvernig nota skal heyrnartækin í daglegu lífi (Hvað gerir maður þegar það rignir? Má fara með heyrnartækin í sturtu? Hvað með háværar aðstæður?). Að sama skapi geta leiðbeiningarnar fjallað um það hvernig maður passar að tækin skemmist ekki eða hvernig notandinn verndar eigin heyrn. „Notkun“ nær utan um allt þetta og þegar nafnorðinu er breytt í sögn þarf að vera mun nákvæmari. Í dæmi b) voru tveir möguleikar og því þarf að vera ljóst hvorn er átt við. Þegar það er klárt má loks færa á auðlesið mál:

- c) Starfsmaður Heyrnartækja.is hefur útskýrt heyrnartækin fyrir þér:
Svona notar þú heyrnartækin:
Eða:
Svona virka heyrnartækin:

Þessi nálgun auðveldar mjög að leysa úr flóknum nafnorðasamsetningum og draga fram tilætlaðan skilning á textanum.

4.7 Forðist viðtengingarhátt

Viðtengingarhátturinn er á margan hátt flókin. Hann lætur í ljós ósk, vafa, skoðun, skilyrði, möguleika eða eitthvað óraunverulegt. Hann lýsir því veruleika sem *gæti* orðið annað en framsöguhátturinn sem er notaður til að fullyrða (réttilega og ranglega). Með viðtengingarhætti er greint frá atburðum sem gætu átt sér stað eða hefðu haft tiltekna afleiðingar ef þeir hefðu átt sér stað. Slíkum tilfellum má einnig greina frá með skilyrðissetningum (sjá 4.5.1.):

- a) Ef þú hefðir sent inn umsókn, þá hefðir þú fengið sérúrræði.

Eins og þar segir á slík framsetning alls ekki heima í auðlesnum texta þar sem fjallað er um atburði sem ekki áttu sér stað en hefðu haft eitthvað í för með sér ef þeir hefðu átt sér stað Þýðandinn þarf því að hafa töluvert fyrir því að umorða málsgreinina og skipta henni niður til að tryggja réttan skilning:

- b) Auðlesið mál:
Til að fá sér-úrræði þarftu að senda inn umsókn.
Umsóknin þarf að berast skólanum fyrir (dagsetning, dögum áður,...)
Þú sendir **ekki** inn umsókn.
Þess vegna færð þú **ekki** sér-úrræði.

Í vissum tilfellum má nota orðið „kannski“ til að tákna möguleika/skilyrði:

- c) Það væri gaman ef hann kæmi.
- d) Auðlesið: Kannski kemur Páll.
Okkur þykir gaman þegar Páll kemur.

Viðtengingarháttur er einnig notaður í óbeinni ræðu:

- e) Kristín sagði að hún kæmi með næsta vagni.

Með því að breyta óbeinni ræðu í beina ræðu fellur viðtengingarhátturinn burt:

- f) Kristín sagði:
„Ég kem með næsta vagni.“

Nánar er fjallað um beina ræðu í köflum 2.1.3. *Tilvitnunarmerki* og 5.4.1. *Fyrsta og önnur persóna*.

4.8 Þátíð, nútíð, framtíð

Auðlesið mál er tungumál nálægðarinnar, þ.e. þess sem er hér og nú. Þó verður ekki hjá því komist að fjalla um atburði sem þegar hafa átt sér stað eða munu gerast. Í þeirri viðleitni að nota sem einfaldasta málfræði eru hér gefin nokkur ráð um hvernig fjalla má um liðna og ókomna atburði á auðlesnu máli. Nútíðin er okkur öllum næst og henni má beita á markvissan hátt til að auka skilning lesenda.

4.8.1 Þátíð

4.8.1.1 Sterkar sagnir í þátíð

Sagnir í íslensku skiptast í sterkar og veikar eftir því hvernig þær beygjast. Veikar sagnir beygjast á reglulegan hátt og taka -ð-, -d-, eða -t- endingu í þátíð:

- a) Borða – borðaði – borðað

Sterkar sagnir ganga aftur á móti í gegnum hljóðskipti:

- b) Bjóða – bauð – buðum – boðið

Í þátíð líkjast sterkar sagnir nafnhætti sínum síður en veikar og getur því verið erfiðara fyrir lesendur að skilja þær. Þetta eitt og sér myndi mæla gegn notkun þeirra í auðlesnu máli. Á móti kemur að sumar algengustu sagnirnar í íslensku máli hafa sterka beygingu og því verður ekki hjá því komist að nota þær:

- c) Vera, koma, ganga, fara, eiga, geta, mega, verða o.s.frv.

Há tíðni þessara sagna gerir það líka að verkum að lesendur eru líklegri til að þekkja ólíkar myndir þeirra og því ættu þær ekki að valda vandræðum. Hvað fágætari sterkar sagnir varðar (og raunar fágætari orð almennt) fer best á að finna algengari samheiti.

4.8.1.2 Rammar

Ein af grunnreglum auðlesins máls er að greina í sundur og tákna hvert málfræðilegt hlutverk fyrir sig. Sagnir í þátíð gegna þó ávallt tveimur hlutverkum þar sem þær standa í senn sem sagnir og tákna tíð. Ein leið til þess að einfalda texta sem er allur í þátíð er að ramma hann inn og segja svo frá í nútíð. Það má til dæmis gera með sagnfræðilega texta:

- a) **Árið er 1000.**

Alþingi er haldið á Þingvöllum.

Fólk er ósammála.

Sumir vilja að Íslendingar hafi ásatrú.

Aðrir vilja að Íslendingar taki kristna trú. [...]

Það sama má gera með frásagnir á borð við ævintýri.

- b) Ævintýri er gömul saga.
Þetta ævintýri heitir:
Rauðhetta
Ævintýrið segir frá stelpu.
Stelpan á rauða hettu. [...]

4.8.2 Samsettar tíðir

Samsettar tíðir í íslensku eru sex, núliðin tíð, þáliðin tíð, framtíð, þáframtíð, skildagatíð, þáskildagatíð. Í flestum tilfellum má nota einfalda þátíð eða nútíð í stað þeirra.

4.8.2.1 Núliðin og þáliðin tíð: ég hef..., ég hafði...

Þessar tíðir eru myndaðar með hjálparsögninni „hafa“ í nútíð eða þátíð og merkja að verknaði sé lokið:

- a) Núliðin tíð: Ég hef talað.
b) Þáliðin tíð: Ég hafði talað.

Í stað þessara tíða skal nota einfalda þátíð:

- c) Ég talaði.

4.8.2.2 Framtíð

Framtíð samanstendur af hjálparsögninni „munu“ + nafnhætti aðalsagnarinnar og tákna að verknaði sé ólokið. Hún er að vissu leyti auðveldari en þátíð þar sem tíðin er mörkuð sérstaklega:

- a) Ég **mun** koma.

Það má hins vegar í langflestum tilvikum nokkuð auðveldlega skipta framtíð út fyrir einfalda nútíð og bæta við tímasetningu:

- b) Ég kem **á morgun**.

Eðli málsins samkvæmt fylgir framtíðinni oft ákveðinn vafi sem fellur brott með umorðun í nútíð. Sé nauðsynlegt að vafinn komi fram má bæta við orðum á borð við: „kannski“, „vonandi“, „líklega“ og „mögulega“:

- c) Ég kem líklegast á morgun.

4.8.2.3 Þáframtíð

Þáframtíð samanstendur af aðalsögn + hjálparsögnunum „munu“ og „hafa“. Hún lýsir óvissu um hvort eitthvað hafi gerst eða að haft sé eftir öðrum:

- a) Hann **mun hafa** talað í fjóra klukkutíma.

Hér nægir ekki að færa setninguna í þátíð því óvissan hverfur. Úr þessu má leysa með eftirfarandi hætti:

b) Ég held:

Sigurður talaði í 4 klukkutíma.

Eða:

c) Jón sagði:

Sigurður talaði í 4 klukkutíma.

4.8.2.4 Skildagatíð og þáskildagatíð

Skildagatíðirnar tákna skilyrtan verknað. Skildagatíð samanstendur af hjálparsögninni „munu“ í viðtengingarhætti þátíðar + aðalsögn og þáskildagatíð bætir hjálparsögninni „hafa“ við:

a) Skildagatíð: Ég myndi koma...

b) Þáskildagatíð: Ég myndi hafa komið...

Þar sem báðar tíðir innihalda viðtengingarhátt skal ekki nota þær í auðlesnu máli (sjá 4.7. Forðist viðtengingarhátt)

4.9 Myndlíkingar

Í mörgum leiðbeiningum um auðlesið mál er lagt blátt bann við myndlíkingum og orðatiltækjum. Með því er litið fram hjá því að myndlíkingar liggja hugsun okkar og tjáningu til grundvallar. Myndlíkingar eru oft alveg sérstaklega vel til þess fallnar að útskýra hluti og aðstæður og gera þær skiljanlegar.

Notendur auðlesinna texta gætu til dæmis haft áhuga á auðlesnum sögubókum sem Menntamálastofnun gaf út. Þær eru á „léttu máli“. Mál hefur enga vigt en það er ljóst að það er létt í þeirri merkingu að það er létt að lesa það.

Stólar hafa „fætur“ og nálar „augu“. „Straumur“ „flæðir“ um raflínur. Það eru „gluggar“ og „möppur“ í tölvunum okkar og við „afritum“ og „límum“ textabrot og myndir. Myndlíkingar eru alls staðar og geta hjálpað okkur að skilja flókin fyrirbæri og að sjá hlutina ljóslifandi fyrir okkur.

Í hina röndina (myndlíking) eru myndlíkingar og orðatiltæki sem hvorki eru auðskilin né segja sig sjálf:

- Að snúa við blaðinu
- Að haga seglum eftir vindi
- Að koma af fjöllum

- Að finna einhvern í fjöru
- Að vaxa úr grasi

Við tileinkum okkur þessi orðatiltæki og myndlíkingar samhliða tungumálinu en ef þú hefur ekki lært þau þá skilur þú þau ekki. Þau eiga oft rætur sínar að rekja til gamalla bænda- og sjómannasamfélaga og hafa litla snertingu við líf nútímamannsins.

Það má nota gagnsæjar og auðskildar myndlíkingar í auðlesnum textum, það er þegar þær hafa tengingu við sameiginlegan reynsluheim okkar og eru þar af leiðandi skiljanlegar. Myndlíkingum má einnig breyta í viðlíkingar. Þýðandinn dregur þá upp á yfirborðið þá eiginleika sem myndlíkingin snýr að og skýrir tenginguna. Myndlíkingin verður auðskildari og myndmál textans er látið halda sér.

- Hún er ljón.
- Auðskilið mál: Una er sterk eins og ljón.

Þar sem þetta á ekki við er nauðsynlegt að skipta myndlíkingunni út fyrir vafningalaust mál, en enn og aftur, sé myndlíkingin mjög miðlæg í textanum skal hún útskýrð.

- Sigtryggur sagði:
„Ég kem alveg af fjöllum.“
Það þýðir:
Sigtryggur veit **ekkert** um málið.

4.10 Neitun

Neitun eru í eðli sínu ekki auðveld. En hvers vegna er neitun flókin? Fyrir því eru margvíslegar ástæður. Ein er sú að þegar við lýsum aðstæðum eða staðreyndum teiknast þær upp í huganum:

- Í gær var ég ekki í París og ég fór ekki í rauðum bíl í kringum Eiffel-turninn.

Hvaða mynd sérðu fyrir þér? Það er einmitt þessi mynd, sem kemur ósjálfrátt upp, sem setningin neitar. Það er því ljóst að neitun getur skapað vandræði og hana ætti því helst að forðast í auðlesnum textum. Alls staðar þar sem það er hægt ætti fremur að velja jákvæða framsetningu. Í flestum tilfellum ætti það að vera hægt eins og eftirfarandi dæmi úr leiðbeiningum um kosningar sýnir:

- Aðstoðarmaður má ekki aðstoða fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningar.
- Auðlesið: Aðstoðar·maður má aðstoða mest 3 kjósendur.
Það þýðir að aðstoðar·maður getur aðstoðað þig.
Aðstoðar·maður má líka aðstoða 2 aðra.

Neitunin er engu að síður miðlæg í öllu tungumáli hvort sem um er að ræða hversdagslegt talmál, nákvæma fræðitexta eða listræn skáldverk. Henni verður ekki sópað burt svo auðveldlega því án hennar getum við ekki talað eða skrifað um heiminn nægilega vel. Vissulega er „heilsa“ „fjarvera sjúkdóma“ en það er ekki alltaf hægt að setja neitun fram með jákvæðu andheiti. Hvernig segir maður „ósyndur“ án neitunar? Hvernig svarar ósyndur einstaklingur rétt og án þess að ljúga ef hann er spurður hvort hann kunni að synda? Er „ég vil heldur vera á þurru landi“, eða „ég drukkna í djúpu vatni“ svör sem eiga við í öllum aðstæðum? Nei.

Þar af leiðandi er það einnig ljóst að hjá neituninni verður ekki alltaf komist. Svo neitunin verði ávallt sem skýrust skal hún eftir fremsta megni vera táknum með orðinu „ekki“:

- d) Við bökuðum enga köku í dag.
- e) Auðlesið: Við bökuðum **ekki** köku í dag.

Til áhersluauka skal neitun ávallt vera feitletruð: **ekki**.

5 Texti

1. Hugið að gerð og framvindu textans
2. Val á upplýsingum fer eftir eðli og viðfangsefni textans
3. Notið sömu orð yfir sömu fyrirbæri, hugtök og gjörðir. Engin samheiti
4. Notkun persónufornafna
5. Setjið lykilhugtök á spássíu eða í millifyrirsagnir
6. Vísanir eru nauðsynlegar. Látið skýringar fylgja lesátt
7. Það má breyta texta þegar hann er þýddur á auðlesið mál. Munið að brúa bilið
8. Ólíkar gerðir texta
9. Fyrirvari fyrir þýðingar á lagalega bindandi textum

5.1 Hugið að gerð og framvindu textans

Þýðendur fást við orð og setningar, bæta við skýringum, skilgreiningum og dæmum. Við það bætist að þegar flóknum setningagerðum er útrýmt verður að nýta aðrar leiðir til að koma röklegri skipan textans til skila.

Það er því mikilvægt að gæta þess að formgerð og framgangur textans skili sér í auðlesnum texta. Það þarf því að skipuleggja vel hvernig upplýsingar skulu settar fram:

- Hvað er það sem á að segja?
- Hver er grunnhugmyndin í textanum?
- Hvernig skiptist textinn í kafla og hluta?
- Hvernig tengjast setningar og fullyrðingar innbyrðis?
- Hvert leiðir þráður textans og hvað eru skýringar, skilgreiningar og dæmi?

Nota má leturfræði, stikkorð, yfirskriftir, millifyrirsagnir, endurtekningar, kassa og myndlýsingar til að miðla þessu öllu.

5.2 Val á upplýsingum fer eftir eðli og viðfangsefni textans

Þýðendur auðlesinna texta eru ávallt í þeirri klípu að þurfa að meta hvað teljast „mikilvægar“ upplýsingar. Þeir eru hliðverðir fyrir lesendur auðlesinna texta: Lesendurnir fá ekki þær upplýsingar sem þýðendur meta ekki mikilvægar. Á hinn bóginn er engum greiði gerður ef auðlesinn texti er fjórum sinnum lengri en frumtextinn þar sem ótal orð eru útskýrð og textinn brotinn um eftir reglum auðlesins máls (letur í 120% stærð, 1,5 línubil, hver málsgrein í sinni línu, skýringarmyndir o.s.frv).

Hér er aðeins hægt að gefa þá þumalputtareglu að val á upplýsingum sé samningsatriði milli þýðanda textans og þess sem leggur til frumtextann. Grunnskilaboð textans þurfa að liggja fyrir áður en þýðing hefst.

Markmiðið með auðlesnum textum er að gera sem mest af upplýsingum aðgengilegar. Til lengri tíma litið ættu lesendur að geta sótt sér ítarlegar upplýsingar um sem flest. Það vinnur gegn þessu markmiði að segja: „mínir lesendur þurfa ekki að vita þetta“.

Ein leið til þess að þyngja auðlesna texta ekki um of er að skipta þeim upp. Sé hluti textans þess eðlis að hann mun aðeins gagnast hluta lesenda er mögulegt að hafa hann sér, sérstaklega ef um er að ræða texta sem gerðir eru aðgengilegir á netinu. Þeir sem hafa þörf fyrir eða áhuga á þeim texta geta þá lesið hann sérstaklega.

5.3 Notið sömu orð yfir sömu fyrirbæri, hugtök og gjörðir

Það er auðveldara að lesa texta þegar sömu orðin hafa ávallt sömu merkingu og sömu fyrirbæri hafa ávallt sama nafn. Sem dæmi, ef verið er að skrifa um lyf skal ekki nota bæði orðin „pilla“ og „tafla“ heldur aðeins annað hvort. Þá er ljóst að átt er við einn og sama hlutinn og orðið leiðir lesandann í gegnum textann. Gallinn við þetta er sá að það getur lengt textann til muna. Takið eftir því í eftirfarandi dæmi hvernig það að vísa til sömu stúlku með ólíkum hætti veitir lesandanum ýmiss konar upplýsingar með knöppum hætti:

- a) Hin **17 ára Guðbjörg Eysteinsdóttir úr Bláskógabyggð** á sér óvenjulegt áhugamál. Með skóflu og málmleitartæki í farteskinu leitar **hún** að fornum og fyrndum munum. Það gengur heldur betur vel því í fyrradag fann **Gugga, eins og hún er kölluð**, lykkju og lítinn tein úr málmi sem taldir eru vera frá 16. öld. Þessi ungi **Laugvetningur** segir það gefa **henni** ólýsanlega tilfinningu að uppgötva glataða muni sem ekkert jafnast á við. „Nema kannski það að skora sigurmarkið,“ segir **menntaskólaneminn og knattspyrnukonan**, sem leikur með UMF Selfossi milli þess sem **hún** mundar málmleitartækið og stundar nám á Laugarvatni.

Hér er vissulega fullmikið af hinu góða en þó sést vel hvernig upplýsingum er dreift um textann. Þetta gengi ekki á auðlesnu máli. Þar þyrfti að koma þessum upplýsingum að í sjálfstæðum málsgreinum. Textinn myndi lengjast til muna með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á læsileika. Hér þarf því að feta einhvern milliveg. Reglan um að hlutir skuli ávallt vera nefndir sama nafni gildir engu að síður, þrátt fyrir þennan galla.

Sú regla gildir þar að auki um allar tegundir orða. Það skal ekki bara forðast samheiti fyrir nafnorð heldur einnig sagnorð, lýsingarorð og sérstaklega samtengingar. Samtengingar binda setningar saman. Í kafla 4.5 um aukasetningar má sjá hvaða samtengingar skal nota. Rétt eins og það skal ekki segja bæði „pilla“ og „tafla“ skal ekki segja „þess vegna“ og „fyrir vikið.“

5.4 Notkun persónufornafna

Notkun persónufornafna í auðlesnum textum er nokkuð frábrugðin því sem almennt tíðkast. Fyrsta og önnur persóna eru algengari þar sem notkun þeirra eykur skýrleika og færir textann nær talmáli. Þriðja persónan getur aftur á móti flækst fyrir þar sem það er ekki alltaf ljóst hvers vísað er til. Auk þess felur notkun hennar óhjákvæmilega í sér að vísað er til sama fyrirbæris með ólíkum orðum. Hér verður stuttlega farið yfir notkun persónufornafna í auðlesnum textum.

5.4.1 Fyrsta og önnur persóna

Lítil sem engin vandkvæði fylgja notkun persónufornafna í þessum flokki. „Ég“ eða „við“ vísar til þess þess sem mælir í textanum eða þess hóps, stofnunar, fyrirtækis o.s.frv. sem mælandinn tilheyrir eða talar fyrir. „Þú“ eða „þið“ vísar til þess sem er ávarpaður í textanum sem í auðlesnu samhengi er ávallt lesandinn eða sá hópur sem lesandinn tilheyrir. Stundum kemur fyrir að mælandi og hinn ávarpaði tilheyra sama hópnum, sjá dæmi b) hér að neðan. Í langflestum tilvikum er tilvísunin skýr. Af því leiðir að nota má fyrstu og annarrar persónu fornöfn í auðlesnum textum. Auð auki eru þau vel til þess fallin að leysa úr öðrum flækjum:

- Óbein ræða skrifuð sem bein ræða. Það leiðir oft til notkunar fyrstu og annarrar persónu fornafna:
 - a) Lísa sagði að hún væri veik.
Auðlesið: Lísa sagði:
„Ég er veik.“
- Ópersónulegri framsetningu breytt til þess að draga fram leikendur og gerendur:
 - b) Í dag verður ný stjórn kosin.
Auðlesið: Í dag kjósum **við** nýja stjórn.
 - c) Til þess að fá styrk þarf að senda inn umsókn.
Auðlesið: Viltu **þú** fá styrk?
Þá þarft **þú** að senda inn umsókn.

5.4.2 Þriðja persóna

Fornöfn í þriðju persónu vísa jafnan til umfjöllunarefnisins eða eins eða fleiri þriðju aðila. Þetta getur ljóslega verið lesendum til vandræða:

- a) Kennararnir gáfu börnunum verðlaun því þeim gekk svo vel.

Til hvers vísar „þeim“ í þessari setningu? Fyrst þarf að leysa úr „þeim“ en það getur bæði verið þriðja persóna fleirtölu í karlkyni og þágufalli og þriðja persóna fleirtölu í hvorugkyni og þágufalli. „Þeim“ getur því bæði vísað til kennaranna og barnanna. En hvort er það? Málfræðin veitir ekkert svar í þessu tilfelli. Vanir lesendur lesa svarið úr samhenginu. Þeir

vita nægjanlega mikið um heiminn og skilja hvernig ferlum, gjörðum og atburðum vindur vanalega fram að fyrir vikið eru þeir ekki í neinum vafa um hver fékk verðlaunin.

Auðlesnir textar eru hins vegar miðaðir að hópi sem hefur mun takmarkaðri reynslu í farteskinu og les ekki eins vel úr aðstæðum, skilyrðum og samhengi. Því verður að gera ráð fyrir að sá hópur eigi ekki eins auðvelt með að bera kennsl á viðeigandi tengingar. Því tæknilegri og ritmálslegri sem textinn er því meira áberandi verður þetta.

Í ofanálag veldur notkun þriðju persónu fornaftna því að vísað er til sama fólks eða efnis með ólíkum hætti, ýmist beint eða með fornaftni. Það gengur í berhögg við bannið gegn samheitum.

Eina raunhæfa lausnin er því að sleppa fornöfnum í þriðju persónu alfarið með einni undantekningu þó.

5.4.3 Hið merkingarlausa það

Skoðið hvernig „það“ er notað í eftirfarandi dæmum:

- a) Faðirinn keypti ís handa barninu. **Það** gladdist mjög.
- b) Líttu út um gluggann! **Það** snjóar!

Í dæmi a) er „það“ frumlag sem vísar til undanfarins nafnorðs („barninu“). Í dæmi b) er engu slíku fyrir að fara. „Það“ er í þessu tilfelli merkingarlaust gervifrumlag og vísar ekki til neins nafnorðs sem fór á undan. Ástæða þess að ekki skal nota þriðju persónu fornöfn er sú að það erfitt að ákvarða til hvers þau vísa. Merkingarlaust „það“ vísar ekki til neins og skapar því enga erfiðleika. Þar að auki getur verið mjög snúið að komast hjá því að nota merkingarlaust „það“:

- c) Það rignir.
- d) Rigning fellur.

Það er vafasamt að d) sé skiljanlegra en c). Því má nota merkingarlaust „það“ í tilfellum þar sem eina leiðin til að komast hjá því er flókin og/eða ónáttúruleg.

5.4.4 Persónufornöfnum í þriðju persónu skal skipt út fyrir þau nafnorð sem þau vísa til

- a) Kennararnir gáfu börnunum verðlaun því þeim gekk svo vel.
- b) Auðlesið: Börnunum gekk vel.

Þess vegna gáfu kennararnir börnunum verðlaun.

5.4.5 Setningum um ræðu, hugsun eða þekkingu skal breytt í beina ræðu

Reglurnar hér á undan dekla stærstan hluta persónufornafnanotkunar. Þó eru tilfelli þar sem þær virka ekki:

- a) Pétur sagði í símann að hann væri veikur.
- b) Margir forstjórar eiga svo mikla peninga að þeir vita ekki hvað þeir eiga að nota þá í.

Í þessum dæmum er greint frá því hvað fólk segir, hugsar eða veit. Ef persónufornöfnunum er skipt úr fyrir þau nafnorð sem þau vísa til er útkoman þessi:

- c) Pétur sagði í símann:
„Pétur er veikur.“
- d) Margir forstjórar eiga mjög mikla peninga.
Sumir af þessum forstjórum vita ekki:
Hvað eiga forstjórar að nota peningana í?

Hér lítur út fyrir að það sé annar Pétur veikur en sá sem talar og að aðrir en þeir sem eiga peningana eigi að eyða þeim. Það má komast hjá þessu með því að nota beina ræðu og/eða fyrstu persónu:

- e) Pétur sagði í símann:
„Ég er veikur.“
- f) Margir forstjórar eiga mjög mikla peninga.
Sumir af þessum forstjórum vita ekki:
„Hvað á ég nota peningana mína í?“

5.4.6 Eignarfornöfn

Eignarfornöfnin „minn“, „þinn“ og „sinn“ má nota í auðlesnum textum:

- a) Húsið **mitt** er blátt.
- b) Lyklarnir **þínir** eru á hillunni.
- c) Þorbjörg situr hjá pabba **sínum**.

Eignarföll eintölu þriðju persónu fornafnanna “hann“, “hún“, “það“ og eignarfall fyrstu, annarrar og þriðju persónu fleirtölu, “okkar“, “ykkar“, “þeirra“, eru líka notuð sem eignarfornöfn. Fyrsta og önnur persóna valda engum vandræðum:

- d) Húsið **okkar** er blátt
- e) Lyklarnir **ykkar** eru á hillunni.

Öðru máli gegnir um eignarfall þriðju persónu hvort sem um er að ræða eintölu eða fleirtölu:

- f) Guðrún rétti mér lyklana **hennar**.
- g) Þorbjörg situr hjá pabba **þeirra**.

Í f) er í fyrsta lagi óljóst hvort lyklarnir tilheyra Guðrúnu eða einhverri annarri. Séu lyklarnir Guðrúnar má taka allan vafa af með því að nota „sinn“ í staðinn. Tilheyri lyklarnir einhverri

annarri er vísunin óljós og nota ætti nafnið í staðinn. Þá má nota eignarfall 3. persónu eintölu með:

h) Auðlesið: Guðrún rétti mér lyklana **hennar Sigrúnar**.

Út frá samhengi textans mætti þó sennilega finna betri lausn í fleiri setningum og losna við eignarfallsrununa.

Dæmi g) er sömu annmörkum háð hvað varðar óljósa vísun og nauðsynlegt er að taka fram þabba hvers Þorbjörg situr hjá:

i) Auðlesið: Þorbjörg situr hjá þabba Rúnars og Friðriku.

5.5 Setjið lykilhugtök á spássíu eða í millifyrirsagnir

Millifyrirsagnir gefa textanum form og auðvelda fólki að finna þær upplýsingar sem það leitar að. Með því að setja lykilhugtök á spássíu er einnig hægt að leiða lesandann í gegnum textann.

5.6 Látið skýringar fylgja lesátt.

Auðlesnir textar innihalda margar vísanir. Það á við bæði innan textans þar sem skýringar koma fyrir og utan hans ef orðalisti fylgir. Mikilvægt er að útskýringar og skilgreiningar séu vel aðgreindar og að þær fylgi lesátt textans:

a) Á Íslandi er fjölmennung.

Það þýðir:

Á Íslandi býr fólk frá mörgum löndum.

Þessi lönd hafa ólíka menningu.

Fólk kemur með sína menningu til Íslands.

Á Íslandi er ólík menning á sama stað.

Í dæmi a) kemur orðið fyrir fyrst og skýringin fylgir strax í kjölfarið. Í auðlesnum textum er þessu stundum snúið við:

b) Guðríður lenti í slysi.

Þess vegna getur Guðríður ekki unnið.

Nú fær Guðríður stuðning til að geta unnið.

Það heitir: starfs-endurhæfing.

Þessi framsetning getur reynst mörgum óvönum lesendum ruglingsleg og leita þeir skýringar á hugtakinu í textanum sem kemur á eftir. Upplýsingarnar eru til staðar en til að finna þær þarf að fara til baka í textanum. Þetta fer gegn væntingum okkar um að lesa texta

frá vinstri til hægri, ofan frá og niður. Því fer betur á að nefna fyrst hugtakið sem er flókið og skýra það svo beint í kjölfarið:

c) Guðríður lenti í slysi.

Þess vegna getur Guðríður ekki unnið.

Nú er Guðríður í starfs-endurhæfingu.

Það þýðir:

Guðríður fær stuðning til að geta unnið.

5.7 Það má breyta textanum. Munið að brúa bilið

Texti sem þýddur er á auðlesnið mál kemur ekki í stað frumtextans heldur er hann viðbót og valmöguleiki. Auðlesnir textar eru oft lesnir samhliða frumtextum og fyrir suma lesendur er sá auðlesni aðeins hjálpargagn fyrir frumtextann. Þetta er einungis mögulegt ef textarnir eru í grófum dráttum settir upp á sama hátt. Þannig veitir auðlesni textinn ákveðnum hópi aðgang að frumtextanum. Séu textarnir mjög ólíkir er ekki eins auðvelt að nýta sér þá samtímis með þessum hætti.

Að því sögðu þá hefur þýðandinn leyfi til að grípa inn í textann. Til að mynda er hægt að taka mikilvægustu upplýsingarnar saman í upphafi textans og fylgja svo frumtextanum að stærstu leyti og innan efnisgreina er sjálfsagt mál að endurraða upplýsingum.

5.8 Einkenni ólíkra texta

Textar eru ýmiss konar: fréttir, opinber skjöl, námsbækur o.s.frv. Ákveðnar gerðir texta hafa tiltekin einkenni, hlutverk, málfar og jafnvel útlit. Þessar ólíku gerðir texta hafa orðið til í menningarlegu og samfélagslegu samhengi sem vanir lesendur bera skynbragð á. Þeir hafa ólíkar væntingar til textans eftir því hvers eðlis hann er, til dæmis varðandi hvaða upplýsingar textinn veitir og hvernig þær eru settar fram.

Þegar texti er þýddur á auðlesnið mál þarf að huga að því hvort eitthvað breytist í þýðingunni. Notfærir frumtextinn sér væntingar lesenda með óbeinum hætti? Byggir hann beint eða óbeint á öðrum textum sömu gerðar sem ekki eru til á auðlesnu máli og hvaða áhrif hefur það á hvernig hann birtist lesendum? Þýðandi verður að átta sig á þessu og kanna hvort hægt er að yfirfæra einkenni frumtextans á þann auðlesna eða hvort finna verði aðrar lausnir.

Hér er sérstaklega mikilvægt að tryggja að hlutverk og virkni textans haldi sér. Auðlesnir textar eru oft fyrst og fremst til upplýsinga. Þetta getur verið sérstaklega snúið þegar auglýsingaefni er þýtt. Hversu vel virka sniðug, gamansöm eða kaldhæðin boð þegar þau eru sett fram með beinskeyttum hætti? Hvað verður almennt um óbein boð sem felast í mörgum slíkum textum?

Og hvað með aðra texta? Er lagalega bindandi texti enn lagalega bindandi á auðlesnu máli? Að hvaða leyti er notkun kennslubókar á auðlesnu máli frábrugðin notkun kennslubókar á venjulegu máli? Þýðendur verða að svara þessum spurningum eða fá svör við þeim ef textinn sem þeir skapa á að virka sem skyldi.

5.9 Fyrirvari fyrir þýðingar á lagalega bindandi textum

Svarið við einni af þessum spurningum liggur þegar fyrir: Nei. Auðlesnar þýðingar eru ekki lagalegir textar. Það þýðir að þeir eru ekki lagalega bindandi, það er ekki hægt að framfylgja þeim og það er ekki hægt að byggja kröfur á þeim. Auðlesin útgáfa veitir einungis upplýsingar um lagalega bindandi texta.

Veröld laganna er veröld sérþekkingar þar sem sérfræðingar eiga hver við annan. Tungumálið sem þeir nota er í senn hárnákvæmt og óhlutbundið en oft og tíðum óskiljanlegt utanaðkomandi. Þetta er ekkert einsdæmi og á við á öðrum sviðum líka þar sem tjáningarmáti sérfræðinga hefur tiltekna formgerð og hlutverk sem gerir þeim kleift að ræða flókin mál á skilvirkan máta.

Markmið auðlesinna texta er að skapa skiljanleika á þessum sviðum þar sem fólk á rétt á að skilja það sem á sér stað, til dæmis hvað varðar þeirra persónulegu hagi eða hvers er krafist af þeim. Eins og áður segir koma auðlesnir textar þó ekki í stað frumtexta heldur eiga þeir að gera sérfræðitexta aðgengilega og miðla mikilvægustu upplýsingunum.

Þess vegna eru auðlesnir textar ekki lagalega bindandi og standa ekki einir og sér. Þetta verður að gera lesendum ljóst á gagnsæjan hátt. Hér er dæmi um fyrirvara sem þjónar því hlutverki:

- a) Þessi auðlesni texti er til að gefa þér upplýsingar.
Þessi auðlesni texti er viðbót við löginn og reglurnar.
Textinn sem gildir eru löginn.
Þessi auðlesni texti er **ekki** lagalega bindandi.
Það þýðir:
Þú getur **ekki** notað þennan auðlesna texta til að krefjast bóta.

Við þetta má jafnvel bæta eftirfarandi:

- Stundum misskiljum við texta.
- Stundum þurfum við aðstoð til að skilja texta.
- Þú getur kannski fengið aðstoð frá einhverjum sem þú treystir.

6 Uppsetning og letur

1. Auðlesnir textar eru listar. Dragið skýringar og dæmi inn
2. Notið steinskriftarleturgerðir (sans serif)
3. Leturstærð og línubil
4. Markið áherslur með feitletrun
5. Skiptið línunum eftir setningarliðum
6. Notkun mynda

6.1 Auðlesnir textar eru listar. Dragið skýringar og dæmi inn

Auðlesnir textar flæða ekki eins og hefðbundnir textar heldur eru þeir listar. Sú uppsetning er til þess gerð að mörk milli málsgreina og þar með setninga séu sem skýrust. Á sama tíma getur hún leyst upp það sem bindur textann saman. Þessi tengsl setninga verða svo enn fremur veikari þar sem tengingar á borð við fornöfn og samtengingar vantar.

Innri vensl textans verður því að gera skýr með öðrum hætti og nota má listaformið til þess að gera framgang textans ljósan. Það er gert með því að hafa skýringar og dæmi inndregin:

- a) Þú þarft að mæta fyrir rétt.
Þú hefur kannski gefið skýrslu áður.

Til dæmis:

- Hjá lögreglunni.
- Eða fyrir rétti.
- Eða hjá saksóknara.
- Eða í fyrri máls-meðferð

Þú þarft samt að mæta fyrir rétt.

Það er mjög mikilvægt.

Framgangur textans er hér ljós. Lesandi sér um leið hvar útskýring og dæmi byrja og hvenær þeim lýkur og megintextinn heldur áfram.

6.2 Notið steinskriftarleturgerðir (sans serif)

Það hafa lengi verið viðtekin sannindi að steinskriftarletur (sans serif) á borð við Arial og Helvetica séu læsilegri en þverendaletur (serif) eins og Times New Roman eða Garamond. Steinskriftarletur er ráðandi í hinum stafræna heimi þar sem það þótti læsilegra á skjám með lága upplausn og þykir það almennt nútímalegt og létt. Þverendalettrin þykja fremur hefðbundin og komu betur út á prenti en á skjá þar sem þverendarnir gátu truflað augað og gert stafina óskýra. Rannsóknir með lesblindum hafa sýnt að þeir kjósa fremur steinskriftarletur.

Þetta er dæmi um þverendalettrið Garamond.

Þetta er dæmi um þverendalettrið Baskerville.

Þetta er dæmi um þverendalettrið Times New Roman.

Þetta er dæmi um steinskriftarlettrið Arial.

Þetta er dæmi um steinskriftarlettrið Futura.

Þetta er dæmi um steinskriftarlettrið Helvetica.

6.3 Leturstærð og línubil

Leturstærð í auðlesnum texta skal að jafnaði vera 120% af leturstærð frumtextans, en þó aldrei minna en 14 punktar. 16 punktar eru æskileg leturstærð.

Línubil skal vera 1,5.

6.4 Markið áherslur með feitletrun eða undirstrikun

Ekki er mælt með skáletrun, ritun í hástöfum eða notkun ólíkra leturgerða í auðlesnum textum. Allt getur þetta gert lesendum erfitt að bera kennsl á stafi og orð og því verið truflandi. Fyrir vikið skal einungis nota **feitletrun** eða undirstrikun til áhersluauka í auðlesnum textum.

6.5 Skiptið línunum eftir setningarliðum

Aldrei skal skipta orðum milli lína:

- a) Slæmt: Síðasta ferðin til Tenerife var skemmtileg.

Taki málgrein meira en eina línu skal hefja nýja línu á heilu orði:

- b) Betra: Síðasta ferðin til Tenerife var skemmtileg.

Hér má þó enn gera betur og styðjast við rannsóknir á textun myndefnis. Það getur verið krefjandi fyrir meðallesandann að lesa texta við myndefni. Textinn birtist aðeins í tiltekinn tíma á skjánum og þarf lesandinn því að laga leshraða sinn að því. Það er sjaldnast hægt að lesa textann oftari en einu sinni auk þess sem augað leitar sífellt í burtu til að taka inn atburðarásina á skjánum. Það er því mikið lagt á sjónskynið.

Rannsóknir hafa sýnt að það er auðveldara að meðtaka textann sé honum skipt eftir setningarliðum:

- c) Nafnliður: „Síðasta ferðin“
- d) Forsetningarliður: „til Tenerife“
- e) Sagnliður: „var skemmtileg“

Hafa verður í huga að það getur verið mikill munur á því hvernig vanir og óvanir lesendur taka inn texta. Það er því ekki alltaf hægt að gera ráð fyrir að það sem gagnist vönum lesendum gagnist öðrum líka. En þar til annað kemur í ljós má gera ráð fyrir að skipting málsgreina milli lína með þessum hætti sé hjálpleg eða í það minnsta ekki óhjálpleg.

Í auðlesnum texta væri málsgreininni skipt milli lína með eftirfarandi hætti:

- f) Síðasta ferðin
til Tenerife var skemmtileg.

Eða:

- g) Síðasta ferðin til Tenerife
var skemmtileg.

6.6 Notkun mynda

Myndir eru tákna sem þjóna ólíkum miðlunarhlutverkum í textum og líkjast ávallt því sem þær tákna. Það er hvað skýrast hvað varðar ljósmyndir en þó kort og teikningar séu stílfærðar eru líkindin samt ljós. Það sama á við um gröf sem tákna til að mynda tiltekin hlutföll sem og skýringarmyndir. Allt auðveldar þetta lesanda að skilja texta.

Í auðlesnum textum gegna myndir því hlutverki að gera flókin hugtök skýrari og skiljanlegri með því að sýna mikilvægar upplýsingar með öðrum hætti en með orðum. Myndir í auðlesnum textum eru ekki til þess að fegra eða skreyta textann heldur til að styðja við upplýsingamiðlun og skilning lesenda. Myndir má sem dæmi nota samhliða millifyrirsögnum til að draga fram það sem mestu máli skiptir í textanum og tryggja að það fari ekki fram hjá neinum. Ávallt skal gæta þess að tilskilin leyfi og réttur til notkunar mynda liggi fyrir.

Það er ekki létt verk að miðla mikilvægum upplýsingum á margvíslegan hátt. Gæta verður þess að nota myndir bæði markvisst og faglega. Víða um heim ber þó á því að hlutir, staðreyndir og atburðir séu táknaðir með einfeldningslegum teikningum.



Að spila fótbolta

Hér er það „að spila fótbolta“ táknað með mynd. Myndin lítur út fyrir að vera fengin úr litabók fyrir börn: einfeldningsleg. „Að spila fótbolta“ er ekki flókin hugmynd eða fyrirbæri. Þar af leiðandi er teikningin ekki höfð með í þessu tilfelli til að auka skilning heldur til skreytingar. Þetta gerist oft með auðlesna texta: **það eru ekki flóknu hugtökin sem eru sýnd með myndum heldur þau sem auðvelt er að sýna með myndum.** Möguleikar þess að miðla með margvíslegum hætti eru langt frá því nýttir til fulls með þessu.

Í eftirfarandi dæmi er erfðarétti lýst með orðum, mynd og kökugrafi. Þetta er flókið efni sem krefst í það minnsta grunnskilnings á hlutum og hlutföllum. Án skilnings á því er ekki hægt að skilja efnið í heild, þ.e.a.s. hver erfir hvað og hve mikið. Þessi framsetning er því fyllilega viðeigandi, skýringarmyndin er skýr, auðvelt er að prenta hana og ljósrita og hún er hvorki einfeldningsleg né barnaleg:

Siggi og Jóna voru gift.
 Siggi og Jóna áttu 4 börn.
 Nú er Siggi dáinn.
 Jóna erfir helminginn af því sem Siggi átti.
 Börnin erfa hinn helminginn.
 Börnin skipta arfinum jafnt.
 Hvert barn fær $1/8$ af því sem Siggi átti.
 Foreldrar Sigga erfa **ekkert**.
 Elín var systir Sigga.
 Elín erfir **ekkert**.

